



**SVÆÐISSKIPULAG
SUÐURHÁLENDIS 2022-2042**

Forsendur og umhverfismatsskýrsla

05.05.2023



Skipulagsráðgjöf: EFLA ehf.
Verkefnisstjóri: Gísli Gíslason.



Aðrir ráðgjafar hjá EFLU: Hrafnhildur Brynjólfsdóttir, Sigmar Metúsalemsson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ragnhildur Gunnarsdóttir.
Kortagerð: Sigmar Metúsalemsson.
Ljósmyndir: Ingibjörg Sveinsdóttir, Gísli Gíslason.
Skjalnúmer Efla: 7852-002-SKY-001-V13
2024-02-27 Umhverfismatsskýrsla uppfærð eftir auglýsingu
2023-10-23 Umhverfisskýrsla uppfærð eftir athugun Skipulagsstofnunar

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	8		
1.1	Uppbygging skýrslunnar	9		
1.2	Samráð og kynning	9		
2	FORSENDUR, STAÐA OG ÞRÓUN	11		
2.1	Sérstaða Suðurrhálandis	12		
2.1.1	Þjóðlendur	13		
2.1.2	Hugmyndir um hálandisþjóðgarð	14		
2.1.3	Verndarsvæði á Suðurrhálandinu	14		
2.1.4	Jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar	14		
2.1.5	Menningarminjar	15		
2.2	Landslag og víðerni	17		
2.2.1	Víðerni Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði	18		
2.2.2	Kortlagning Steve Carver o.fl.	21		
2.2.3	Víðerni í svæðisskipulagi Suðurrhálandisins	22		
2.2.4	Áhrif af stefnu svæðisskipulagsins á víðerni skv. kortlagningu frá árinu 2017.	25		
2.2.5	Landslag í svæðisskipulagi	27		
2.2.6	Kyrrlát svæði	28		
2.3	Loftslag	28		
2.3.1	Loftslag í Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030	29		
2.3.2	Loftslag í Sóknaráætlun Suðurlands	29		
2.3.3	Hringrásarhagkerfi	29		
2.4	Samgöngur	29		
2.4.1	Vegir	29		
2.4.2	Göngu, hjóla- og reiðleiðir	33		
2.5	Þjónustustaðir ferðamanna	36		
2.5.1	Áfangastaðaáætlun Suðurlands	38		
2.5.2	Mat á ástandi ferðamannastaða	38		
2.5.3	Flokkun þjónustustaða í svæðisskipulagi	39		
2.6	Virkjanir	45		
2.7	Flutningskerfi raforku	48		
3	UMHVERFISMAT - NÁLGUN	49		
3.1	Fyrsti áfangi – forsendur, staða og þróun	49		
3.2	Annar áfangi – Sviðsmyndir	49		
3.3	Þriðji áfangi – Mat á stefnu	49		
3.4	Umhverfis- og áhrifapættir, matsspurningar og viðmið	50		
4	UMHVERFISMAT SVIÐSMYNDAR	53		
4.1	Sviðsmyndir um uppbyggingu	53		
4.1.1	Sviðsmyndir	55		
4.2	Mat á sviðsmyndum	56		
4.3	Niðurstaða mats á sviðsmyndum	62		
4.4	Samræmi sviðsmynda við landsskipulagsstefnu	62		
5	UMHVERFISMAT MARKMIÐA OG STEFNU	64		
5.1	Mat á áhrifum stefnunnar	65		
5.2	Tengsl við aðrar áætlanir	74		
6	VÖKTUN OG EFTIRFYLGNI	78		
7	NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS	79		
8	HEIMILDASKRÁ	81		
9	VIÐAUKI 1 - VERNDARSVÆÐI	85		

MYNDASKRÁ

MYND 1. Skipulagssvæðið nær yfir hálandissvæði 9 sveitarfélaga. ___	8
MYND 2. Verndarsvæði á Suðrhálendi. _____	12
Mynd 3. Munur til suðurs á afmörkun svæðisskipulags Miðhálandisins 2015 (blá lína) og þjóðlendumörkum (rauð lína) sem svæðisskipulag Suðrhálandis miðar við. _____	13
MYND 4. Svæði sem njóta sérstakrar verndar _____	15
MYND 5. Yfirlit yfir hnitsetta minjastaði á miðhálandinu. Gráu línurnar eru sýslumörk og útmörk svæðisins miðað við þjóðlendumörk. _____	16
MYND 6. Hnitsettir minjastaðir (rauðir) og minjastaðir (stjarna) sem safnað var úr upplýsingum um minjar á hálandinu árið 1996. © Landmælingar Íslands og Fornleifastofnun Íslands. _____	16
MYND 7. Víðerni skv. kortlagningu Umhverfisstofnunar frá 2009. ___	18
MYND 8. Áhrif af skerðingu mismunandi mannvirkja á víðerni _____	19
MYND 9. Víðernakort byggð á niðurstöðu kortlagningar Rannsóknarseturs Háskólans á Hornafirði frá 2017. _____	20
MYND 10. Hluti af tilgátukorti um afmörkun víðerna á miðhálandinu frá 2021. _____	21
MYND 11. Hluti af tilgátukorti um afmörkun víðerna á miðhálandinu, Steve Carver o.fl. _____	22
MYND 12. Tilgátukort um víðerni úr vinnslutillögu svæðisskipulags Suðrhálandis. _____	23
MYND 13. Víðerni, kortlagning Höfn 2021 _____	23
MYND 14. Víðerni skv. kortlagningu Höfn 2021 að viðbættum áhrifum stefnu um uppbyggða vegi með slitlagi á Kili, Sprengisandi og Fjallabaksleið nyrðri vestan Landmannalauga, stefnu rammaáætlunar um Búrfellslund og áform úr aðalskipulagi Skaftárhrepps um virkjun Hólmsár við Atley. _____	24
MYND 15. Víðerni, kortlagning Höfn 2017. _____	26
MYND 16. Víðerni skv. kortlagningu Höfn 2017, að viðbættum áhrifum stefnu um uppbyggða vegi með slitlagi á Kili, Sprengisandi og	

Fjallabaksleið nyrðri vestan Landmannalauga, stefnu rammaáætlunar um Búrfellslund og áform úr aðalskipulagi Skaftárhrepps um virkjun Hólmsár við Atley. _____	26
MYND 17. Sumardagsumferð um stofnvegi á hálandi. _____	32
MYND 18. Sumardagsumferð um landsvegi á hálandi. _____	33
MYND 19. Helstu lengri gönguleiðir á Suðrhálandinu _____	34
MYND 20. Skjáskot af reiðleiðum í kortasjá Landssambands hestamannafélaga. _____	35
MYND 21. Hluti af korti yfir hjólaleiðir á Íslandi útgefið af Hjólafærni/cyclingiceland. _____	36
MYND 22. Fjöldi gistinóta _____	38
MYND 23. Húsadalur. Loftmynd, ljósmynd og deiliskipulag. _____	40
MYND 24. Blágil. Loftmynd, deiliskipulag og ljósmynd. _____	41
MYND 25. Áfangagil. _____	42
MYND 26. Emstrur/Botnar. Ljósmynd af skálum og hluti deiliskipulags. _____	42
MYND 27. Gíslaskáli. Deiliskipulag og mynd af skálanum. _____	43
MYND 28. Lofmynd af Geldingafelli, frá map.is 2022. _____	44
MYND 29. Virkjanir, vindrafstöðvar, miðlunarlón og veitur ásamt háspennulínunum. _____	45
MYND 30. Sviðsmyndir fyrir uppbyggingu, skipulag og þróun Suðrhálandis. _____	54
MYND 31. Sviðsmynd A. _____	55
MYND 32. Sviðsmynd B. _____	55
MYND 33. Sviðsmynd C. _____	56

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1. Skerðing víðerna eins og hún er sett fram af Rannsóknarsetri Háskólans á Hornafirði árið 2017. _____	19
TAFLA 2. Skerðing víðerna eins og hún er sett fram af Rannsóknarsetri Háskólans á Hornafirði árið 2020. _____	20
TAFLA 3. Stefna landsskipulagsstefnu um samgöngur á miðhálandinu og flokkun vega skv. Samgönguáætlun _____	30
TAFLA 4. Skilgreining ferðþjónustustaða skv. landsskipulagsstefnu. _____	37
TAFLA 5. Virkjanir og vatnsmiðlun. _____	46
TAFLA 6. Virkjanakostir í þriðja áfanga rammaáætlunar _____	46
TAFLA 7. Svæði sem hafa verið friðlýst fyrir orkuvinnslu. _____	46
TAFLA 8. Núverandi háspennulínur. _____	48
TAFLA 9. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið. _____	51
TAFLA 10. Mat á umhverfisáhrifum sviðsmynda _____	57
TAFLA 11. Samantekt umhverfismats á valkostum fyrir uppbyggingu _____	61
TAFLA 12. Mat á umhverfisáhrifum á stefnu svæðisskipulagsins. _____	65
TAFLA 13. Tengsl heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og stefnumörkunar í svæðisskipulagi Suðurrhálendis _____	75
TAFLA 14. Heimsmarkmið og áskoranir sem unnið var með í stefnu fyrir Suðurrhálendi. _____	76
TAFLA 15. Samantekt mats á umhverfisáhrifum á stefnu svæðisskipulagsins. _____	80
TAFLA 16. Þjóðgarðar, friðlýst svæði, jarðvangur. _____	85


1 INNGANGUR

Í skýrslunni eru sett fram mat á umhverfisáhrifum stefnumörkunar í Svæðisskipulagi Suðrhálendis. Hér er einnig farið yfir forsendur fyrir stefnumörkun svæðisskipulagsins.

Í umhverfismatsskýrslu er sett fram mat á sviðsmyndum sem mótaðar voru um hvert skyldi stefna og mat á framlagðri stefnu í tillögu að svæðisskipulagi fyrir Suðrhálendið.

Mat á áhrifum sviðsmynda og stefnunnar er unnið samhliða skipulagsgerð, með þátttöku vinnuhóps sveitarfélaganna. Með því móti nýtist matið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að sambærilegum eða betri umhverfisgæðum til handa íbúum og gestum.

Með gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið er verið að auka samvinnu milli sveitarfélaga í þeim málaflokkum sem snúa að hálendinu, en það er ein af áherslum í sóknaráætlun Suðurlands.¹



MYND 1. Skipulagssvæðið nær yfir hálendissvæði 9 sveitarfélaga.

¹ (Samtök sunnlenskra sveitarfélaga n.d.).

1.1 Uppbygging skýrslunnar

Í öðrum kafla er farið yfir helstu forsendur, stöðu og þróun í þeim mála-flokkum sem stefna svæðisskipulagsins fjallar um. Við vinnslu svæðis-skipulagsins verður tekið tillit til og höfð hliðsjón af ýmsum lögum, reglu-gerðum og stefnum sem ríkið hefur sett fram. Jafnframt verður tekið tillit til ýmissa stefnumarkana sveitarfélaganna. Gerð er grein fyrir helstu stefnum sem við eiga í hverjum kafla.

Í þriðja kafla er fjallað um nálgun í umhverfismati.

Í fjórða kafla er umfjöllun um sviðsmyndir, mat á umhverfisáhrifum þeirra og niðurstaða mats á sviðsmyndum.

Í fimmta kafla er lagt mat á stefnu svæðisskipulagsins.

Í sjötta kafla er fjallað um vöktun og eftirfylgni.

1.2 Samráð og kynning

Skipulagslýsing var auglýst frá 2. júlí til 15. ágúst 2021. Skipulagslýsingin var kynnt á heimasíðu SASS (Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga) og send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar. Í vinnunni var tekið tillit til athugasemda eftir því sem ástæða þótti til.

Meðan á skipulagsvinnunni stóð var fundað reglulega með svæðisskipu-lagsnefnd svæðisskipulagsins. Auk þess voru haldnir minni fundir með fulltrúum sveitarfélaga á hverju svæði og haldnir opnir fundir þar sem vinnan var kynnt fyrir almenningi. Helstu samráðsfundir eru taldir upp hér að aftan:

- Í mars 2021 voru fjórir fjarfundir þar sem fundað var með fulltrú-um/starfsfólki sveitarfélaga á hverju svæði.
- Í júní 2021 var fundað með Vegagerðinni um samgöngur innan svæð-isins.
- Í október 2021 var fundað með fulltrúa Forsætisráðuneytisins. Vinnu-hugmyndir voru kynntar.
- Í október 2021 var samráðsfundur með fulltrúum Þingvallabjórðgarðs, Vatnajökulsþjóðgarðs, Kötlu jarðvangs og Umhverfisstofnunar. Vinnuhugmyndir voru kynntar.
- Í nóvember 2021 var samráðsfundur með Vegagerðinni og kynntar vinnuhugmyndir, einkum tengdar samgöngum.
- Í nóvember 2021 var opinn samráðsfundur á Hvolsvelli. Fundinum var einnig streymt og hægt að senda inn fyrirspurnir og ábendingar á netinu. Kynntar voru helstu forsendur vinnunnar og lauslega minnst á vinnuhugmyndir.
- Í mars 2022 var fundur stjórnar svæðisskipulagsins og skipulagsráð-gjafa með fulltrúum Skipulagsstofnunar.
- Í apríl 2022 var fundur svæðisskipulagsnefndar með fulltrúum frá Umhverfisstofnun, Landgræðslunni og Vatnajökulsþjóðgarði.
- Í september 2022 var kynningarfundur með umhverfis- og samgöngu-nefnd Alþingis.
- Í nóvember 2022 var samráðsfundur með Vegagerðinni og kynnt drög að stefnu um samgöngur og skipulag ferðaleiða.
- Þann 13. janúar 2023 var tillaga að svæðisskipulagi kynnt á vinnslu-stigi ásamt umhverfismatsskýrslu og fylgiriti um landslagsgreiningu fyrir Suðurrhálendi.
- Í febrúar 2023 var samráðsfundur með Skipulagsstofnun þar sem vinnslutillagan var kynnt.

- Í febrúar 2023 var vinnslutillagan kynnt á opnum fundi á Hótel Selfossi. Fundinum var einnig streymt og upptaka af fundinum er aðgengileg inni á vef SASS.

Á fundi svæðisskipulagsnefndar 5. maí 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að svæðisskipulagi. Að lokinni afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna, í samræmi við 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var tillagan auglýst, kynnt og send til umsagnaraðila í samræmi við skipulagslög.

Umsagnaraðilar fyrir tillögunu eru:

- Sveitarfélögin sem að svæðisskipulaginu standa
- Aðliggjandi sveitarfélög

Aðrir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Veðurstofan
- Vegagerðin
- Samgöngustofa
- Skógræktin
 - Skógræktarfélag
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Landsnet
- Ferðamálastofa
- Vatnajökulspjóðgarður
- Þingvallanefnd/þjóðgarðsvörður

- Katla jarðvangur
- Fjarskiptastofnun
- Orkustofnun
- Landgræðslan
- Landsvirkjun
- Byggðastofnun
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Búnaðarsambönd
- Ferðafélag Íslands
- Útivist
- SAMÚT (samtök útivistarféлага)
- Göngufélög
- Fiskistofa
- Bændasamtökin
- Samtök atvinnulífsins
 - Samtök fyrirtækja í ferðapjónustu
 - Samtök iðnaðarins
 - Samtök orku- og veitufyrirtækja
- Forsætisráðuneytið
- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
- Innviðaráðuneytið
- Þingmenn Suðurkjördæmis

Að lokinni auglýsingu tillögunnar var farið yfir inn komnar ábendingar og umsagnir.

Svæðisskipulagið tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórnnum, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda, samanber 4. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2 FORSENDUR, STAÐA OG ÞRÓUN

Í þessum kafla er farið yfir stöðu Suðrhálendisins og þær forsendur sem hafa áhrif á stefnumörkun fyrir Suðrhálendið. Við stefnumótun í svæðisskipulagi Suðrhálendisins er tekið mið af þeirri stöðu sem hér er lýst, áskorunum og þeirri stefnu sem sett hefur verið í öðrum áætlunum.




2.1 Sérstaða Suðurrhálendis

Suðurrhálendi Íslands einkennist af víðáttumiklum náttúrulegum svæðum með fáum mannvirkjum þar sem enginn hefur fasta búsetu. Svæðið gegnir mikilvægu hlutverki sem áfangastaður ferðamanna, svæði til orkuöflunar, og svæði fyrir beitaraftot, svo eitthvað sé nefnt. Svæðið býr yfir endalausri fjölbreytni með jöklum, háhitasvæðum, jarðmyndunum, vötnum, gróðursælum og snauðum svæðum, og hluti svæðisins hefur verið verndaður.

Um hálendið fer fólk allt árið. Á sumrin fer fólk um akandi, hjólandi, ríðandi og gangandi og nýtur þess sem hálendið hefur upp á að bjóða. Á haustin eru fjallskil og leitarflokkar smala búpeningi af hálendinu, sem þar hefur dvalið á sumrin, og á veturna tekur vetrarferðamennskan við sem felur í sér áskoranir þegar veðráttan getur verið óvægnari. Leiðir hafa legið yfir hálendið frá fornu fari og búseta teygt sig þangað. Á Suðurrhálendinu eru jökulár nýttar til orkuöflunar með vatnsaflsvirkjunum.

Í nýlegri rannsókn um sýn ferðaþjónustunnar um nýtingu miðhálendis Íslands kemur fram að virði miðhálendisins felst fyrst og fremst í ósnortinni náttúru. Víðerni séu fágæt og því þurfi að vernda þau². Undir þetta er tekið í landsskipulagsstefnu þar sem sett er fram stefna um að viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálendisins með áherslu á verndun víðerna hálendisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja. Er því beint til sveitarfélaga að þau gæti þess við sína skipulagsgerð að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni hálendisins sem minnst³.

² (Anna Dóra Sæþórsdóttir, o.fl. 2021).




MYND 2. Verndarsvæði á Suðurrhálendi.

³ (Skipulagsstofnun 2016a).

Um leið og hálendið er verðmætt vegna náttúrunnar þá felur svæðið líka í sér ótal tækifæri til uppbyggingar. Við stefnumörkun um þá uppbyggingu þarf að huga að áhrifum á náttúruna, uppbyggingin þarf að vera hófleg en um leið þarf hún að mæta þörfum samfélagsins. Sífelld fleiri ferðast inn á hálendið og bætt aðgengi að skipulagssvæðinu ásamt uppbyggingu innviða getur haft í för með sér álag á svæðið.

2.1.1 Þjóðlendur

Skipulagssvæðið nær yfir hálendissvæði 9 sveitarfélaga. Skipulagssvæðið fylgir þjóðlendumörkum til suðurs en muninn á þjóðlendumörkum og afmörkun miðhálandisins⁴ má sjá á meðfylgjandi mynd. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 m.s.br. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis.



Mynd 3. Munur til suðurs á afmörkun svæðisskipulags Miðhálandisins 2015 (blá lína) og þjóðlendumörkum (rauð lína) sem svæðisskipulag Suðurlandis miðar við.

⁴ Svæðisskipulag miðhálandisins 2015.

2.1.2 Hugmyndir um hálendisþjóðgarð

Stjórnvöld unnu á árunum 2016-2022 að þróun hugmynda um þjóðgarð á miðhálandi Íslands og voru þessar hugmyndir einn af þeim þáttum sem urðu sveitarfélögunum á Suðurlandi hvatning til að gera svæðisskipulag fyrir Suðurlálandi. Í desember 2020 lagði umhverfisráðherra fram frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð⁵ og var miðað við að mörk hans miðuðust að lágmarki við þjóðlendumörk innan miðhálandislínu, auk svæða sem nú þegar hafa verið friðlýst. Í frumvarpinu kom m.a. fram að á jaðarsvæðum þjóðgarðsins yrði áfram heimilt að starfrækja þær virkjanir og háspennulínur sem væru í rekstri við stofnun hans. Nýjar virkjanir mætti starfrækja á jaðarsvæðum þjóðgarðs hafi virkjunin verið skilgreind í orkunýtingarflokki í 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar sem samþykkt hefur verið á Alþingi og að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. Nýjar háspennulínur í lofti væru hins vegar ekki leyfðar innan þjóðgarðs. Frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð náði ekki framgangi í þinginu fyrir kosningar vorið 2021 og engin formleg vinna hefur verið í gangi eftir það til að vinna að honum.

2.1.3 Verndarsvæði á Suðurlálandinu


Saman ná svæði sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd yfir talsverðan hluta Suðurlálandisins. Mynd 2 sýnir svæði sem eru friðlýst eða á náttúruminjasrá, ásamt þjóðgördunum á Þingvöllum og Vatnajökulsþjóðgarði. Á myndinni er einnig afmörkun svæða sem eru friðlýst fyrir orkuvinnslu skv. rammaáætlun. Nánari umfjöllun um hvert þessara friðlýstu svæða er í Viðauki 1 - verndarsvæði.

2.1.4 Jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar

Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og eru þau sýnd á mynd 4. Forðast ber að raska eftirtöldum vistkerfum og jarðmyndunum, nema brýna nauðsyn beri til:

- Votlendi 20.000 m² eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri og sjávarfitjar og leirur.
- Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógur og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.
- Eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- Fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

⁵ Sjá frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð.
<https://www.althingi.is/alttext/151/s/0461.html>




MYND 4. Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

2.1.5 Menningarminjar



Verðmæti menningarminja á hálendinu felst ekki síst í sérstöðu þeirra þar sem þær eru frábrugðnar minjum á láglendi. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að miðhálandið hefur verið nýtt allt frá 10. öld og þar má sjá dæmi um minjar um jaðarbyggð, göngur og fjallskil, samgöngur og útlegumenn. Menningarminjar á hálendinu fela einnig í sér örnefni og sögur af ýmsu tagi sem oft tengjast kennileitum. Í tengslum við vinnu faghóps 1 við 3. áfanga Rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða voru teknar saman upplýsingar um minjar á miðhálandinu⁶ og er stuðst við þau gögn í umfjöllun hér. Þar var upplýsingum safnað í landfræðilegt upplýsingakerfi, lagt á þær mat og skráning þeirra samræmd eins og hægt er. Víða var leitað fanga, bæði úr minjaskráningum tengdum framkvæmdum, skráningu tengdri vinnu við svæðisskipulag miðhálandisins og skráning tengd skipulagsvinnu sveitarfélaga. Yfirlit yfir hnitsetta minjastaði á hálendinu sem tekin var saman tengt rammaáætlun má sjá á meðfylgjandi korti (mynd 5).

⁶ (Birna Lárusdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2019).




MYND 5. Yfirlit yfir hnitsetta minjastaði á miðhálandinu. Gráu línurnar eru sýslumörk og útmörk svæðisins miðað við þjóðlendumörk⁷. © Landmælingar Íslands og Fornleifastofnun Íslands.

Ofangreint kort (mynd 5) úr skýrslu rammaáætlunar⁸ sýnir fyrst og fremst fram á skort á rannsóknum á minjum á hálandinu því eyðurnar á kortinu eru margar. Í skýrslu frá 1996 er gerð tilraun til að sýna minjastaði á miðhálandinu en þar er safnað saman upplýsingum um 1200 minjar á öllu hálandinu. Skráningin er ekki nothæf heimild um raundreifingu minja en gefur engu að síður vísbendingu um minjar á svæðum við Kjalveg sem

⁷ (Þorvarður Árnason, David Ostman, Adam Hoffritz 2017).

vantar á fyrra kortið. Þessum stöðum hefur verið bætt inn á kortið (mynd 6) sem áður var sýnt og eru þeir staðir táknaðir með stjörnu.



MYND 6. Hnitsettir minjastaðir (rauðir) og minjastaðir (stjarna) sem safnað var úr upplýsingum um minjar á hálandinu árið 1996. © Landmælingar Íslands og Fornleifastofnun Íslands.

Helstu minjaflokkar sem er að finna á hálandinu eru; náttstaðir, sæluhús, réttir og fjárbyrgi leitarmanna auk fornra leiða og vaða eða kláfa yfir ár. Minjar eru einkum tengdar samgöngum og nytjum bænda af svæðinu. Mikil tækifæri eru fólgin í því að gera minjastaði eða leiðir aðgengilegar fyrir ferðamenn.

⁸ (Birna Lárusdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2019).

2.2 Landslag og víðerni

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, eru víðerni skilgreind á eftirfarandi hátt (5. grein, tl. 19):

Óbyggð víðerni: Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum

Í 46. grein laganna eru ákvæði um að friðlýsa megi „sem óbyggð víðerni stór landsvæði þar sem ummerkja mannsinns gætir lítið sem ekkert og náttúran færa að þróast án álags af mannlegum umsvifum“.

Þá segir jafnframt í lögnum:

Friðlýsingin skal miða að því að varðveita einkenni svæðisins, t.d. að viðhalda fjölbreyttu og óvenjulegu landslagi, víðsýni og/eða vernda heildstæð stór vistkerfi, og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja. Landsvæði óbyggðra víðerna skulu vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda.

Ekkert svæði hefur verið friðlýst skv. ofangreindu ákvæði náttúruverndarlaga og á meðan svo er, þá njóta víðerni takmarkaðrar verndar. Ekki er

nægilegt að einungis sé staðreynt að um sé að ræða slíkt svæði, jafnvel þótt kveðið sé á um í e-lið 3. gr. laganna að standa skuli vörð um óbyggð víðerni landsins.⁹


Opinber kortlagning víðerna liggur ekki fyrir en í lögum um náttúruvernd segir að slík kortlagning eigi að liggja fyrir 1. júní 2023. Þess er vænst að sú kortlagning líti dagsins ljós áður en svæðisskipulag Suðurrhálandis verður staðfest og þá gefist ráðrúm yfirfara skipulagið þannig að það miði útbreiðslu víðerna við hana. Fram að þeim tíma verður miðað við kortlagningu víðerna sem unnin var af Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Hornafirði frá 2021¹⁰ við mat á áhrifum á víðerni og við mat á verndargildi landslagsheilda. Kortlagningin var unnin fyrir Rammaáætlun og er valið að miðað við hana við vinnslu svæðisskipulagsins þar sem hún er unnin í tengslum við áætlanagerð stjórnvalda.

Að staðreyna hvaða svæði eru óbyggð víðerni er vandkvæðum bundið á meðan opinber kortlagning liggur ekki fyrir. Það er því ákveðin óvissa um umfang þeirra þó það liggja fyrir að innan Suðurrhálandis eru sannarlega víðerni. Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun hafi forgöngu um að festa ákveðin viðmið og kortleggja reglulega umfang víðerna á hálendinu. Í landsskipulagsstefnu er sveitarfélögum einnig bent á að útfæra verndun víðerna og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Gæta skuli að því að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og náttúrugæði sem minnst. „Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo

⁹ (Alþingi Íslands 2015).

¹⁰ (David C. Ostmann, Ole Neumann, Þorvarður Árnason 2021).

sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálandisins“¹¹. Í landsskipulagsstefnu er birt kortlagning Umhverfisstofnunar sem mat árið 2009 að víðerni þektu um 60% lands á miðhálandinu og að stór hluti þeirra væri jöklar. Í stefnu Forsætisráðuneytisins um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum frá 2019 er tekið undir með landsskipulagsstefnu um að standa eigi vörð um óbyggð víðerni í þjóðlendum og er vísað til þessa sama korts Umhverfisstofnunar frá 2009 til viðmiðunar.



MYND 7. Víðerni skv. kortlagningu Umhverfisstofnunar frá 2009.

¹¹ (Skipulagsstofnun 2016b).

¹² (Rannveig Ólafsdóttir og M. Runnström, 2011).

¹³ (Þorvarður Árnason, David Ostman, Adam Hoffritz 2017).

¹⁴ (David C. Ostman, Þorvarður Árnason 2020).

Frá því að kort Umhverfisstofnunar leit dagsins ljós hafa nokkrar atlögur verið gerðar að kortlagningu víðerna þar á meðal kortlagning Rannveigar Ólafsdóttur og M. Runnström frá 2011¹², kortlagning unnin af Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Hornafirði 2017¹³ og 2021¹⁴, og kortlagning Steve Carver og fleiri frá 2022¹⁵. Hér er farið stuttlega yfir þróun kortlagningar Rannsóknarsetursins á Hornafirði annars vegar og kortlagningu er kennd er við Steve Carver hins vegar.

2.2.1 Víðerni Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Hornafirði

Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun tóku þátt í verkefni Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Hornafirði¹⁶ um afmörkun víðerna á hálandinu og kom út skýrsla um það verkefni árið 2017. Markmið verkefnisins var að hanna og prófa nýja aðferð við kortlagningu víðerna sem gæfi gleggri mynd af afmörkun þeirra, umfangi og stöðu, en þær aðferðir sem fram að því höfðu verið notaðar af opinberum aðilum. Í niðurstöðu verkefnisins var sett fram tillaga að nýrri aðferðarfræði við afmörkun víðerna, en um leið var bent á að aðferðina þyrfti að þróa betur. Tillögurnar ná einkum til mats á áhrifum stakra mannvirkja (bygginga) á víðerni, þar sem þekkingarstaðan er nokkuð góð, en bent var á að staðan væri lakari þegar kæmi að öðrum gerðum mannvirkja s.s. slóðum og vegum, sem og um mannlega upplifun. Við afmörkun víðerna er í lokaskýrslu verkefnisins lagt til að tekið sé mið af mismunandi áhrifum við skerðingu á víðernum, eftir því hvort um er að ræða loftlínur, vegi, miðlunarlón skála o.fl. (tafla 1 og mynd 8) auk þess sem horft var til skala mannvirkisins¹⁷.

¹⁵ (Carver o.fl. 2023).


¹⁶ (Þorvarður Árnason, David Ostman, Adam Hoffritz 2017).

¹⁷ (Þorvarður Árnason, David Ostman, Adam Hoffritz 2017).

TAFLA 1. Skerðing víðerna eins og hún er sett fram af Rannsóknarsetri Háskólans á Hornafirði árið 2017.


SKERÐING VÍÐERNA	MANNVIRKI
Skerðing um 1 km	Fjallasel
Skerðing um 3 km	Raflínur 132 kV Miðstöðvar Skálasvæði Óuppbyggðir stofnvegir án slitlags
Skerðing um 5 km	Miðlunarlón Raflínur 220 kV Malbikaðir vegir (vegtegund C skv. flokkun Vegagerðar).

Tvö dæmi eru í þessari flokkun þar sem skali mannvirkja hefur áhrif. Með skala mannvirkja er átt við að skerðing 132 kV loftlínu sé 3 km út frá línustæði en 5 km frá 220 kV loftlínu, þar sem möstur þeirra eru t.d. hærri en fyrir línu á lægra spennustigi. Þá er lagt til að einungis þeir hlutar stofnvega yfir hálandið sem eru með bundnu slitlagi skerði víðerni um 5 km en aðrir veigaminni stofnvegir skerði um 3 km. Vegir um Kjöl og Sprengisand skerða því víðerni miðað við þessa niðurstöðu eins og sjá má á meðfylgjandi kortum sem sýna annars vegar mismunandi skerðingar-áhrif mannvirkja (mynd 8) og heildarniðurstöðuna (mynd 9).



MYND 8. Áhrif af skerðingu mismunandi mannvirkja á víðerni¹⁸ - gulgræn svæði. Efri röð: til vinstri byggingar, til hægri vegir. Neðri röð: til vinstri miðlunarlón, til hægri raflínur. Rauð lína er þjóðlendumörk.

¹⁸ (Þorvarður Árnason, David Ostman, Adam Hoffritz 2017).



MYND 9. Víðernakort byggð á niðurstöðu kortlagningar Rannsóknarseturs Háskólans á Hornafirði frá 2017.¹⁹

Árið 2020 var gefin út skýrsla með framhaldsverkefni um þróun þessarar aðferðafræði²⁰, en nú var verkefnið unnið fyrir *Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða* (Rammaáætlun). Áfram var unnið með miðhálandið en inn í þetta verkefni voru teknar nýjar upplýsingar um mannvirki þar, bæði úr skráningu Skipulagsstofnunar á mannvirkjum og þjónustu á miðhálandinu og uppfærðum gögnum Landmælinga Íslands um vegakerfi landsins og vatnafar, þar á meðal miðlunarlón. Ein breyting var gerð á aðferðafræði verkefnisins, frá því sem kynnt var í skýrslunni árið 2017,

¹⁹ (Þorvarður Árnason, David Ostman, Adam Hoffritz 2017).

²⁰ (David C. Ostman, Þorvarður Árnason 2020).

sem fólst í því að ekki er lengur gert ráð fyrir skerðingaráhrifum frá öðrum vegum en þeim sem hafa bundið slitlag og miðað við vegtegund C skv. flokkun Vegagerðarinnar. Viðmið fyrir skerðingar vegna mannvirkja eru sýnd í töflu 2.

TAFLA 2. Skerðing víðerna eins og hún er sett fram af Rannsóknarsetri Háskólans á Hornafirði árið 2020.

SKERÐING VÍÐERNA	MANNVIRKI
Skerðing um 1 km	Fjallasel
Skerðing um 3 km	Raflínur 132 kV Miðstöðvar Skálasvæði
Skerðing um 5 km	Miðlunarlón Raflínur 220 kV Malbikaðir vegir (vegtegund C skv. flokkun Vegagerðar).

Vinnu við aðferðafræði kortlagningar á víðernum hefur verið haldið áfram og árið 2021 kom út skýrsla Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Hornafirði um óbyggð víðerni²¹, unnin fyrir Rammaáætlun og í henni er greining og kortlagning á víðernum á landsvísu. Greining á víðernum innan miðhálandisins er lítið breytt en svæðum utan hálandisins hefur verið bætt við greininguna. Tilgátukort úr verkefninu er á mynd 10.

²¹ (David C. Ostmann, Ole Neumann, Þorvarður Árnason 2021).



MYND 10. Hluti af tilgátukorti um afmörkun víðerna á miðhálandinu frá 2021²². Víðerni eru sýnd með dökkgrænum lit.

2.2.2 Kortlagning Steve Carver o.fl.


Full ástæða er til að minnst á kortlagningu á óbyggðum víðernum sem var kynnt til sögunnar árið 2022 og er afrakstur vinnu Steve Carver, doktors í landfræði við Háskólann í Leeds og forstöðumanns Wildland Research Institute og samstarfsfólks hans. Kortlagningin var unnin í samvinnu við íslenska vísindamenn og nema við Leeds-háskóla. Hægt er t.d. að kynna sér aðferðarfræði og niðurstöðu verkefnisins í greininni "New Approaches to Modelling Wilderness Quality in Iceland" sem var birt í tímaritinu Land²³, sem hluti af sérútgáfu um þjóðgarða og vernduð svæði.²⁴ Kortlagning Carver og félaga byggir á alþjóðlegri aðferðafræði og er í samræmi við lög, þ.m.t ákvæði úr viðbót við náttúruverndarlögin frá 2021 um að slík kortlagning skuli vera gerð eftir alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði.

Kortlagningin er sýnd á meðfylgjandi mynd. Víðernasvæðin eru númeruð og auðkennd með rauðum/appelsínugulum lit og grænum jaðri. Kortlögð víðerni eru talsvert minni en í kortlagningu Rannsóknarsetursins á Höfn 2021 sem gerð er grein fyrir í kaflanum hér fyrir framan.



²² (David C. Ostman, Þorvarður Árnason 2020).

²³ (Carver o.fl. 2023).

²⁴ Sjá hér <https://www.mdpi.com/2073-445X/12/2/446>



Legend

-  Existing protected areas (WDPA)
-  Wilderness Areas 1 – 17
-  Central Highlands Area of Interest
-  Buffer areas contiguous with core areas > 10,000 ha
-  Core areas < 3000 ha
-  Core areas ≥ 3000 ha
-  Possible IUCN Cat II areas

MYND 11. Hluti af tilgátukorti um afmörkun víðerna á miðhálandinu, Steve Carver o.fl. Víðernasvæðin eru númeruð og sýnd með rauðum/appelsínugulum lit og dökk grænum jaðri. Um frekari útskýringar er vísað til gagna um kortlagninguna.


²⁵ (Þorvarður Árnason, David Ostman, Adam Hoffritz 2017).

2.2.3 Víðerni í svæðisskipulagi Suðurlandins


Í kynningu á vinnslutillögu fyrir svæðisskipulagi Suðurlandins var miðað við kortlagningu á víðernum sem var útfærsla af kortlagningu Rannsóknarsetursins á Hornafirði frá 2017²⁵ (Mynd 12). Í ljósi umsagna sem bárust í kynningarferlinu var ákveðið að hverfa frá því að styðjast við þá útfærslu, og miða frekar við nýjustu kortlagninguna frá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði 2021 (mynd 13), hér nefnd Höfn 2021²⁶. Er hún nýtt inn í landslagsgreiningu og mat á verndargildi landslagsheilda en gerð er grein fyrir þeirri greiningu í fylgiriti svæðisskipulagsins. Valið var að styðjast við þessa kortlagningu þar sem hún er unnin í tengslum við Rammaáætlun sem er verkefni á vegum stjórnvalda. Sú breyting leiðir það af sér að víðerni stækka. Vel hefði mátt hugsa sér að miða við kortlagningu Steve Carver og félaga og mætti færa fyrir því fjölmörg rök. Með þeirri viðmiðun hefðu víðerni minnkað verulega. Best væri þó ef mögulegt hefði verið að miða við þá kortlagningu sem lög um náttúruvernd segja til um að eigi að liggja fyrir 1. júní 2023 en þess er vænst að sú kortlagning liggji fyrir áður en svæðisskipulagið verður staðfest. Þá mun gefast ráðrúm til að yfirfara skipulagið þannig að það miði útbreiðslu víðerna við hana.

Á mynd 14 eru sýnd víðerni skv. Höfn 2021 þar sem stefnumörkun skv. svæðisskipulagstillögu fyrir Suðurlandi hefur leitt til skerðinga á þeim miðað við einföld fjarlægðarviðmið. Áform um bundið slitlag á stofnvegum skerða víðerni, sem og áform um Búrfellslund í samræmi við rammaáætlun. Afmörkun mannvirkjabelta gerir ráð fyrir virkjun í Hólmsá við Atley í samræmi við aðalskipulag Skaftárhrepps, sem leiðir til skerðingar á víðernum þar.


²⁶ (David C. Ostmann, Ole Neumann, Þorvarður Árnason 2021).



MYND 12. Tilgátukort um víðerni úr vinnslutillögu svæðisskipulags Suðurrhálandis.



MYND 13. Víðerni, kortlagning Höfn 2021



MYND 14. Viðerni skv. kortlagningu Höfn 2021 að viðbættum áhrifum stefnu um uppbyggða vegi með slitlagi á Kili, Sprengisandi og Fjallabaksleið nyrðri vestan Landmanna-lauga, stefnu rammaáætlunar um Búrfellslund og áform úr aðalskipulagi Skaftárhrepps um virkjun Hólmsár við Atley.


2.2.4 Áhrif af stefnu svæðisskipulagsins á víðerni skv. kortlagningu frá árinu 2017.

Áður en tillaga að svæðisskipulagi Suðurrhálandis var auglýst var hún send til Skipulagsstofnunar til athugunar fyrir auglýsingu. Í kjölfarið benti Skipulagsstofnun á að þau viðmið sem sett eru fram í gildandi landsskipulagsstefnu byggja á eldri kortlagningu frá 2017²⁷. Munur er á skerðingaráhrifum samkvæmt viðmiðum í kortlagningunni frá 2021²⁸, og í kortlagningu frá 2017. Í kortlagningu frá 2017 er miðað við að óuppbyggðir vegir skerði víðerni um 3 km en slíkir vegir skerða ekki víðerni skv. kortlagningunni frá 2021.

Til að skýra muninn á skerðingaráhrifunum miðað við þessar tvær mismunandi kortlagningar (2017 og 2021) er kortlagningin 2017 sýnd á mynd 15, og á mynd 16 er bætt við áhrifum af stefnu svæðisskipulagsins um uppbyggða vegi með slitlagi á Kili, Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri vestan Landmannalauga, stefnu rammaáætlunar um Búrfellslund og áform úr aðalskipulagi Skaftárhrepps um virkjun Hólmsár við Atley.

Áhrifin á skerðingu víðerna er mun minni ef miðað er við gögnin frá 2017 (mynd 13 og 14) en ef miðað er við gögnin frá 2021 (mynd 15 og 16). Helstu áhrifin á víðerni miðað við kortlagninguna frá 2017 er skerðing á víðernum á 3-5 km belti til vesturs og austurs með Kjalvegi, með Sprengisandsleið vestan við Þórisvatn og á kafla á nýrri Sprengisandsleið næst sveitarfélagsmörkum að norðanverðu. Á Fjallabaksleið nyrðri skerðast víðerni til vesturs á kaflanum að Landmannalaugum, en ekki til austurs þar sem þar eru háspennulínur. Stefna svæðisskipulagsins hefur mun


minni áhrif á víðerni ef miðað er við gögnin frá 2017 en ef miðað er við gögnin frá 2021. Ef hins vegar væri miðað við kortlagningu Steve Carver o.fl.²⁹ þá yrði útkoman gjörólík og áhrif af stefnu svæðisskipulagsins um vegi á víðerni óveruleg. Hér er því ítrekað, að best væri að miða við þá kortlagningu og viðmið sem lög um náttúruvernd segja til um að átti að liggja fyrir 1. júní 2023.




²⁷ (Þorvarður Árnason, David Ostman, Adam Hoffritz 2017).

²⁸ (David C. Ostmann, Ole Neumann, Þorvarður Árnason 2021).

²⁹ (Carver o.fl. 2023, <https://www.mdpi.com/2073-445X/12/2/446>).



MYND 15. Víðerni, kortlagning Höfn 2021.



MYND 16. Víðerni skv. kortlagningu Höfn 2021, að viðbættum áhrifum stefnu um uppbyggðá vegi með slitlagi á Kili, Sprengisandi og Fjallabaksleið nyrðri vestan Landmannalauga, stefnu rammaáætlunar um Búrfellslund og áform úr aðalskipulagi Skaftárhrepps um virkjun Hólmsár við Atley.

2.2.5 Landslag í svæðisskipulagi

Í landsskipulagsstefnu er sett stefna um að sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins skuli viðhaldið, m.a. með áherslu á verndun landslagsheilda³⁰. Í Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024 er eitt af markmiðunum að vinna að heildrænni kortlagningu á náttúru, mannauði og menningu á Suðurlandi og draga fram sérstöðu einstakra svæða³¹.

Á grundvelli þessarar stefnu, er áhersla á kortlagningu landslags fyrir Suðurlálandið. Til að ná utan um fjölbreytileika í landslagi, jarðfræði, flóru og fínu er beitt aðferðarfræði sem var notuð í verkefninu *Landslag á Íslandi*,³² sem unnin var fyrir Skipulagsstofnun. Þar var búin til flokkun fyrir landslagsgerðir og dregin upp landslagssvæði fyrir allt landið í viðmiðunarmælikvarða 1:250.000. Aðferðin nefnist landslagsgreining (e. Landscape Character Assessment eða LCA) og felst í henni að afmarka svæði þar sem svipuð samsetning af landformum, jarðfræði, vistlendum, og landnotkun kemur fyrir. Kortlagninguna er hægt að vinna í ýmsum mælikvörðum, en viðmiðunarmælikvarði við kortlagningu landslagssvæða Suðurlálandisins er 1:50.000. Við kortlagninguna voru notuð gögn á stafrænu formi, sem draga fram landslagseinkenni svæðisins, svo sem gögn yfir halla, hæð, jarðfræði, vistfræði, gerð yfirborðs, grósku og lögum lands, auk gervitunglamynda.

Lagt var mat á verndargildi þeirra landslagsheilda sem voru kortlagðar og var unnið að því verkefni hjá EFLU í samvinnu við Lovísu Ásbjörnsdóttur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Sigurð H. Magnússon gróðurvistfræðing. Mat á verndargildi landslagsheildanna byggir á mati á verndar-

gildi jarðminja, landslags og lífríkis/vistgerða. Nánar fjallað um kortlagningu landslags fyrir Suðurlálandið og mat á verndargildi svæða í fylgiriti svæðisskipulagsins³³ og er hér vísað til þess um frekari upplýsingar.

Eitt af verndarmarkmiðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Víðerni eru einn þeirra þátta sem tekið var tillit til í mati á verndargildi landslagsheilda, sem vísað er í hér að ofan. Niðurstaða mats á verndargildi landslagsheilda hefur verið nýtt inn í stefnumörkun svæðisskipulagsins og er ein af grunnstöðum þess.

Í stefnumótun svæðisskipulagsins eru verndarheildir skilgreindar og mótuð stefna um þær. Við afmörkun verndarheilda er tekið mið af framangreindum upplýsingum um víðerni, en með þeim takmörkunum sem umfjöllun um víðerni er sett, þar sem ekki liggur fyrir kortlagning skv. lögum eða viðmið í reglugerð.

³⁰ (Skipulagsstofnun 2016a).

³¹ (Samtök sunnlenskra sveitarfélaga n.d.).

³² (Anna Rut Arnardóttir, o.fl. 2020).

³³ (Sigmar Metúsalemsson 2022).

2.2.6 Kyrrlát svæði

Eins og segir í landskipulagsstefnu eru kyrrlát svæði „meðal þeirra gæða sem ferðafólk sækist eftir á hálendinu. Til að viðhalda þeim gæðum er mikilvægt að stýra, og eftir atvikum takmarka, umferð vélknúinna farartækja“³⁴.

Ein leið til að varveita óbyggðakyrrið er að setja stefnu um kyrrlát svæði en í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru kyrrlátum svæðum lýst svo: „Svæði sem er ætlað til útivistar og afmarkað er í skipulagi, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir, nr. 1000/2005“.

Í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 er kyrrlát svæði: „Svæði sem ætlað er til útivistar og afmarkað er í skipulagi, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um kortlagningu hávaða nr. 1000/2005“.


Í reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir er kyrrlát svæði: „Afmarkað svæði þar sem L_{den} eða annar viðeigandi hávaðavísir er undir umhverfismörkum sem gilda fyrir kyrrlát svæði samkvæmt reglugerð um hávaða“.

Í svæðisskipulaginu er sett stefna um kyrrlát svæði og varðveislu þeirra í samræmi við ofangreindar forsendur.

³⁴ (Skipulagsstofnun 2016a).

³⁵ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2020a).

2.3 Loftslag



Loftslagsváin er ein af stóru áskorunum samtímans. Ríki heims hafa skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og til þess þarf öflugar aðgerðir þvert á samfélagið. Ísland hefur lögfest markmið um kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040 með lögum nr. 95/2021, en kolefnishlutleysi er ástand þar sem jafnvægi hefur náðst á milli losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis af mannavöldum og nettólosun er engin. Til að svo megi verða þarf að draga úr losun og binda meira kolefni og til að ná þeim árangri hefur íslenska ríkið sett fram aðgerðaráætlun í loftslagsmálum³⁵.

Rýnt hefur verið í hverjar eru helstu uppsprettur losunar og bindingar í dæmigerðri skipulagsáætlun³⁶ og eru þær eftirfarandi:

1. Landnotkun, breytingar á landnotkun og skógrækt.
2. Iðnaðarferlar, s.s. stóriðja.
3. Samgöngur, losun vegna eldsneytis.
4. Matvæli og losun vegna þeirra.
 - Landbúnaður – losun frá meltingu jörturdýra og áburður.
 - Sjávarútvegur – brennsla eldsneytis í skipum.

³⁶ (Helga J. Bjarnadóttir, Sigurður Thorlacius 2020).

5. Úrgangur, urðun lífræns úrgangs, brennsla, meðhöndlun skólps.
6. Byggingarefni.
7. Efnanotkun, losun vegna kælibúnaðar.
8. Orkuvinnsla, losun vegna jarðvarmavirkjana.
9. Vélar og tæki, losun frá vinnutækjum í byggingarframkvæmdum.

Til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þurfa sveitarfélög að setja sér stefnu í loftslagsmálum í skipulagsáætlunum sínum og er það gert í svæðisskipulagi Suðurlandis. Við mótun þeirrar stefnu var m.a. litið til ákvæða í Landsskipulagsstefnu, Aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum, Sóknaráætlunar Suðurlands og stefnu Íslands í úrgangsmálum með áherslu á hringrásarhagkerfið.

2.3.1 Loftslag í Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur sett fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum. Annars vegar er lögð áhersla á að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og nýta í staðinn orku sem losar ekki gróðurhúsalofttegundir. Hins vegar er lögð áhersla á bættu landnotkun þar sem dregið er úr losun og binding kolefnis aukin með skógrækt og landgræðslu³⁷.

Samkvæmt úttekt Hagfræðistofnunar Íslands³⁸ á aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum, þá eru þrjár hagkvæmustu loftslagsaðgerðirnar efling landgræðslu, efling skógræktar og endurheimt votlendis. Til að vel

³⁷ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2018).

³⁸ (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2022, 22).

³⁹ (Samtök sunnlenskra sveitarfélaga n.d.).

⁴⁰ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2021e).

takist til skiptir máli hvernig að verki er staðið og fara skal gætilega með inngrip inn í náttúruna.

2.3.2 Loftslag í Sóknaráætlun Suðurlands

Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024 gerir ráð fyrir að auka bindingu CO₂ um 10% og draga úr losun CO₂ um 10% fyrir árið 2025³⁹.

2.3.3 Hringrásarhagkerfi

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur sett fram stefnu í úrgangsmálum sem snýst um innleiðingu hringrásarhagkerfis⁴⁰. Í stefnunni er sett fram framtíðarsýn sem snýst um að Ísland verði meðal leiðandi þjóða í loftslagsmálum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Til að ná því þarf að koma á virku hringrásarhagkerfi, þ.e. draga úr myndun úrgangs, efla endurvinnslu og hætta urðun.

2.4 Samgöngur

2.4.1 Vegir

Stofnvegir á Suðurlálandinu skv. flokkun Vegagerðarinnar eru fjórir; Kjalvegur (35), Sprengisandsleið (26), Fjallabaksleið nyrðri (F208) og Kaldadalsvegur (550)⁴¹. Engar áætlanir eru um nýframkvæmdir við hálendisvegi næstu 15 árin samkvæmt samgönguáætlun⁴². Aðrir vegir á

⁴¹ Kaldadalsvegur lá milli Þingvalla og Reykholtisdals í Borgarfirði. Vegagerðin hefur breytt heiti vegarins í Uxahryggjavegur (nr. 52) frá Þingvöllum að vegamótum Uxahryggjavegar, þar sem hann liggur í Lundarreykjadal, og Kaldadalsvegur. Uxahryggjavegur er stofnvegur í byggð.

⁴² (Alþingi 2019).

hálandinu, sem eru í umsjá Vegagerðarinnar, eru skilgreindir sem landsvegir.

Mjög hefur verið kallað eftir nánari stefnu um vegamál á miðhálandinu. Sumir hafa haldið uppi kröfum um uppbyggða hálandisvegi sem verði færir allt árið en aðrir hafa lagt áherslu á að halda vegaf framkvæmdum í lágmarki og hafa ár óbrúaðar.

Í landsskipulagsstefnu, kafla 1.3.1., er eftirfarandi stefna um samgöngur á miðhálandinu:

Skipulagsákvæði um vegi á miðhálandinu feli í sér að vegaf framkvæmdum verði haldið í lágmarki, möskvar vegakerfisins verði sem stærstir og að hönnun allra vega taki mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamátum þannig að ferðafólki á vélknúnum farartækjum sé tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja. Ferðamannaleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins.⁴³

Eitt af framfylgdarverkefnum í landsskipulagsstefnu er að unnin verði nánari stefnumótun um vegakerfi miðhálandisins í samstarfi skipulags- og samgönguyfirvöld, með aðkomu hlutaðeigandi stofnana og hagsmunaaðila. Í landsskipulagsstefnu byggist stefna um samgöngur á miðhálandinu á þeirri stefnu sem sett var fram í svæðisskipulagi miðhálandisins (sjá töflu 3)⁴⁴. Við stefnumótun svæðisskipulags Suðurrhálandis er miðað

við að stefnumótun þess sé efniviður inn í nánari stefnumótun um vegakerfi miðhálandisins. Þess var vænst að stefnumótunin myndi liggja fyrir í upphafi árs 2023 sem ekki hefur orðið.

TAFLA 3. Stefna landsskipulagsstefnu um samgöngur á miðhálandinu og flokkun vega skv. Samgönguáætlun 2020-2034⁴⁵.

VEGTEGUND	STEFNA Í LANDSSKIPULAGSSTEFNU UM SAMGÖNGUR Á MIÐHÁLENDINU	FLOKKUN SKV. SAMGÖNGUÁÆTLUN
Stofnvegir á hálandi	Byggðir upp sem góðir sumarvegir með brúðum ám og færir fólksbílum. Þeir væru opnir a.m.k. 4–6 mánuði á ári, eftir atvikum með þungatakmörkunum á vorin þegar jarðvegur er að þiðna.	Kaldadalsvegur Kjalvegur Sprengisandsleið Fjallabaksleið nyrðri
Landsvegir	Þeir skulu að jafnaði vera ruddir eða ofanibornir vegir þar sem hættulegustu ár eru brúaðar og vera opnir skemur en stofnvegirnir.	Kerlingarfjallavegur F347 Skjaldbreiðarvegur F338 Hlöðuvallavegur F337 Hagavatnsvegur F335 Haukadalsvegur F333 Öldufellsleið F232 Emstruleið F261 Þórsmekurvegur F249 Langisjór F235 Álftavatnskrókur F233 Jökulheimaleið F229 Veiðivatnaleið F228 Dómadalsleið F225 Fjallabaksleið syðri F210 Lakagígavegur F207 Lakavegur F206

⁴³ (Skipulagsstofnun 2016b).

⁴⁴ (Skipulagsstofnun 2016a).

⁴⁵ (Skipulagsstofnun 2016b; Alþingi 2019).

Ólík sjónarmið eru uppi um framtíð þjóðvega á hálendinu⁴⁶. Sumir vilja hóflega uppbyggðar aðalleiðir með vegum sem falla inn í náttúruna, losa af sér vatn og haldast lengur opnir á meðan aðrir vilja heilsársvegi til að stytta leiðir landshorna á milli. Töluverð umræða hefur einnig verið undanfarin ár hjá hópum sem kalla eftir uppbyggingu heilsársvega yfir Kjöl og jafnvel Sprengisand, og hafa m.a. verið lagðar fram tillögur að þings-ályktunum á Alþingi⁴⁷ um þetta efni sem þó hafa ekki fengið brautargengi. Sem rök fyrir uppbyggingunni eru nefnd öryggissjónarmið, byggðasjónarmið og sjónarmið um umhverfisvernd. Mikilvægt sé að stytta til mun leiðina landshorna á milli og auðvelda ferðafólki að komast t.d. til Norðurlands. Þeir sem ekki eru hlynntir uppbyggingu heilsársvega⁴⁸ benda á að hálendisvegir eigi ekki að vera þjóðleið milli landshluta og nauðsynlegt sé að greina á milli almennra vega, sem eru byggðir með það að leiðarljósi að gera minni og stærri bílum kleift að komast fljótt og örugglega á milli áfangastað, og ferðamannavega, sem þjóna þeim tilgangi að fólk geti farið um áhugaverð svæði á þeim tíma og í þeim áföngum sem hentar til skoðunar á landslagi og náttúrufari. Þar koma inn sjónarmið um að vegir á miðhálandi Íslands eigi að vera ferðamannavegir en ekki almennir vegir.

Ferðaþjónustan hefur kallar eftir lítið uppbyggðum vegum sem haldast lengur opnir en nú er – Kjalvegur, Kaldidalur, Fjallabaksleið nyrðri – verði gerðir að lítið uppbyggðum ferðamannavegum. Útkoma þess yrði betri dreifing ferðamanna, betra umferðaröryggi og nýir möguleikar á hringleiðum⁴⁹.

⁴⁶ (Vegagerðin 2021a).

⁴⁷ (Njáll Trausti Friðbertsson, Vilhjálmur Árnason, Haraldur Benediktsson 2018).

⁴⁸ (Landvernd 2007).

⁴⁹ (Gunnar Valur Sveinsson 2021).

Í könnun meðal ferðafólks á Sprengisandsleið frá árinu 2015⁵⁰, kom fram með skýrum hætti að ferðafólki þar hugnaðist best að vegurinn væri óbreyttur eða hóflega uppbyggður. Þegar hins vegar íslenskir og erlendir ferðamenn sem voru staddir á láglandi voru spurðir, þá vildi helmingur Íslendinga að vegurinn yrði hóflega uppbyggður og um 1/3 af þeim erlendu. Í nýrri skýrslu frá 2021⁵¹ um nýtingu ferðaþjónustunnar á miðhálandinu er umfjöllun um könnun þar sem kemur fram að helmingur svarenda taldi mikilvægt að vegir á hálendinu fengju betra viðhald, en fáir vildu uppbyggða vegi eða bundið slitlag á hálendinu. Taldi fólk annars vegar að vondir vegir sköpuðu hluta af óbyggðaupplifuninni og hins vegar að þeir takmörkuðu þann fjölda sem fer inn á hálendið.

Í áfangastaðaaætlun Suðurlands, sem uppfærð var 2019⁵², eru settar fram eftirfarandi aðgerðir fyrir samgöngur á hálendinu:

- Kjalvegur verði byggður upp en ekki malbikaður.
- Móta þarf framtíðarsýn um vegi á hálendinu, slitlag/ekki slitlag.
- Viðhalda hálendisvegum sem þó þurfa ekki að vera aðgengilegir öllum bílum.

Af ofangreindu má sjá að ekki eru allir með sömu sjónarmið um tilhögun hálendisvega og að ýmsu er að huga.

Ferðamönnum hefur fjölgað gríðarlega undanfarin ár, eða úr 493.900 árið 2009 í 2.013.200 árið 2019⁵³. Árið 2019 fóru 15% erlendra ferðamanna á

⁵⁰ (Rögvaldur Guðmundsson 2015).

⁵¹ (Anna Dóra Sæþórsdóttir, o.fl. 2021).


⁵² (Markaðsstofa Suðurlands 2019).

⁵³ (Ferðamálastofa n.d.).

Hveravelli (um 300 þús.), 12,8 % í Landmannalaugar (um 258 þús.) og 11,4% í Þórsmörk (um 230 þús.)⁵⁴.

Á mynd 17 má sjá gögn um sumardagsumferð um stofnvegi á hálendinu á árabílinu 2009-2021. Umferð um Sprengisandsleið hefur staðið nánast í stað á þessu tímabili en umferð um aðra vegi hefur á heildina litið aukist, þó hún hafi minnkað árið 2020. Mismiklar endurbætur hafa farið fram á vegunum. Komið er bundið slitlag á Uxahryggjaveg að Kaldadalsvegi, Kjalvegur hefur að hluta til verið byggður upp og bundið slitlag er á Sprengisandsleið að Vatnsfellsvirkjun. Fjallabaksleið nyrðri er með bundnu slitlagi frá Sprengisandsleið að Sigölduvirkjun. Á Sprengisandsleið þarf að fara yfir óbrúaðar jökulár og hefur það væntanlega áhrif á fjölda þeirra sem leggja leið sína þangað. Kjalvegur er fær stærri fólksbílum. Fjallabaksleið nyrðri er fær stærri fólksbílum frá Sigöldu í Landmannalaugar.


Gögn um sumardagsumferð um helstu landsvegi á hálendinu á árabílinu 2009-2021 má sjá á mynd 18.



MYND 17. Sumardagsumferð um stofnvegi á hálendi. Sumardagsumferð er meðalumferð á dag í júní, júlí, ágúst og september. (Uxahryggjavegur hét áður Kaldadalsvegur 550-02)⁵⁵.

⁵⁴ (Oddný Þóra Óladóttir 2020).

⁵⁵ (Vegagerðin 2021b).



MYND 18. Sumardagssumferð um landsvegi á hálendi. Sumardagssumferð er meðalumferð á dag í júní, júlí, ágúst og september⁵⁶.

⁵⁶ (Vegagerðin 2021b).

⁵⁷ (Upplifðu Norðurland. n.d.).

2.4.2 Göngu, hjóla- og reiðleiðir



Suðrhálendið er talsvert nýtt til útivistar og ferðalaga, bæði gangandi, á hestum og á reiðhjólum. Auk þess er víða veiði í ám og vötnum. Hér að aftan er lítillega fjallað um gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir.

Skipulag ferðaleiða fyrir akandi er þekkt innan ferðþjónustunnar til að þróa ferðaleiðir um svæði sem tengjast ákveðnum þemum. Sem dæmi um nýlega leið er Norðurstrandarleiðin⁵⁷ sem var opnuð 2019 en markmið hennar er að skapa nýtt aðdráttarafl, lengja dvalartíma ferðafólks á svæðinu, dreifa ferðafólki, lengja ferðatímabilið og auka sýnileika á markaði. Dæmi um nýja ferðaleið sem verið er að móta á Suðurlandi í tengslum við áhersluverkefni sóknaráætlunar er Eldfjallaleiðin, sem er ferðaleið fyrir akandi af þessu tagi. Hugsunin með henni er að draga fram eldvirknina, meðfram þjóðvegi 1, sem er eitt af megin einkennum Suðurlands. Þegar búið er að kortleggja megin leiðina er hægt að tengja hana við staði fjær þjóðvegi s.s. Heklu og Lakagíga og teygja hana þannig inn á hálendið⁵⁸. Sóknarfæri eru í skipulagi slíkra ferðaleiða á Suðrhálendi.

⁵⁸ (Samtök sunnlenskra sveitarfélaga 2022).


2.4.2.1 Gönguleiðir



Nokkrar lengri gönguleiðir eru á Suðrhálendinu og eru þær sýndar á mynd 19. Athygli vekur hvað leiðirnar eru fáar og hvað þær ná yfir lítinn hluta Suðrhálendisins.

Helstu lengri gönguleiðir eru eftirtaldar:

- Laugavegurinn milli Landmannalauga og Þórsmerkur.
- Fimmvörðuháls milli Þórsmerkur og Skóga.
- Strútsstígur milli Hvangils og Hólaskjól.
- Skælingaleið milli Langasjávar og Hólaskjól.
- Gamli Kjalvegur milli Hveravalla og Hvítárness.
- Hellismannaleið milli Rjúpnavalla og Landmannalauga.
- Dalastígur frá Hrauneyjum að Markarfljóti á móts við Húsadal í Þórsmörk.
- Hringleiðin um Kerlingarfjöll.



MYND 19. Helstu lengri gönguleiðir á Suðrhálendinu, sýndar sem bláar línur.

Í 3. útgáfu stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Vatnajökulspjóðgarð eru settar fram hugmyndir um nýjar lengri gönguleiðir, sem eru að hluta til eða öllu leyti innan Suðrhálendisins⁵⁹.

- Hringleið umhverfis Vatnajökul.
- Jökulheimar – Grænalón/Núpsstaðaskógur – Skaftafell.
- Veiðivötn – Ljósufjöll – Jökulheimar – Vonarskarð.
- Um Tungnaáröræfi, t.d. Jökulheimar – Versalir.
- Langisjór – Lakagígar – Skælingar – Eldgjá.
- Lakagígar - Núpsstaðaskógur.

⁵⁹ (Vatnajökulspjóðgarður 2022).

2.4.2.2 Reiðleiðir




Vinsælar reiðleiðir eru um Suðrhálendið og fylgja margar þeirra núverandi vegum að einhverju leyti. Á vefsíðu Landssambands hestamannafélaga er að finna fjölda reiðleiða, sjá mynd 20⁶⁰. Helstu reiðleiðir á Suðrhálendinu eru:

- Kjalvegur.
- Leiðir á Gnúpverja- og Hrunamannafréttum.
- Ýmsar leiðir á Fjallabakssvæðinu.

Víða við reiðleiðir hefur verið komið upp áningarhólfum og er markmiðið með þeim að auðvelda ferðamönnum á hestum áningar og hestaskipti, auka öryggi á meðan á áningu stendur og stuðla að landvernd með því að koma í veg fyrir að áningar hestamanna skemmi viðkvæman gróður. Dæmi eru um að sótt hafi verið um styrki til að gera áningarhólf til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og er verkefni hestamannafélagsins

⁶⁰ (Landssamband hestamannafélaga, n.d.).



MYND 20. Skjáskot af reiðleiðum í kortsjá Landssambands hestamannafélaga.

Geysis að Fjallabaki⁶¹ dæmi um verkefni sem hefur hlotið brautargöngu. Þar hefur áningarhólfum verið komið upp á 7-9 km fresti á Dómadalsleið, frá Tröllkonuhlaupi og austur á Kýlinga austan Landmannalauga.

⁶¹ Sjá umfjöllun Kristínar Bjarnadóttur í hópnum Reiðleiðir á Íslandi á Facebook, Kristín Bjarnadóttir. <https://www.facebook.com/groups/1579428178988988/>

2.4.2.3 Hjólaleiðir



Lítið sem ekkert er um sérstaka hjólastíga eða vegi á Suðrhálendi. Þau sem hjóla ferðast því annað hvort á vegum, slóðum, gönguleiðum, eftir gömlum þjóðleiðum eða öðru ámóta. Það er einstök upplifun að ferðast um Ísland á hjóli og sífelld fleiri sem kjósa þennan ferðamáta. Fjölmargir vegir og slóðar víða á Suðrhálendinu eru tilvaldir til fjallahjólreiða. Finna má dæmi um hjólahópa og hjólaferðir á ferðaáætlunum útivistarfélaganna, og má sem dæmi nefna fjögurra daga hjólaferð⁶² á vegum Ferðafélags Íslands árið 2022 um Fjallabak.

Hjólafærni á Íslandi hefur kortlagt hjólaleiðir og þá þjónustu skiptir máli fyrir þau sem ferðast á hjóli. Kort yfir hjólaleiðir sem nær m.a. yfir Suðrhálendi er aðgengilegt á vef cyclingiceland.is⁶³.



MYND 21. Hluti af korti yfir hjólaleiðir á Íslandi útgefið af Hjólafærni/cyclingiceland.

2.5 Þjónustustaðir ferðamanna

Í Landsskipulagsstefnu er því beint til skipulagsgerðar sveitarfélaganna að leitast verði við að bjóða ferðafólki viðeigandi mannvirki og þjónustu og að dreifing ferðamanna sé hugsuð til þess að álag á náttúru taki mið af þoli hennar. Bera skal virðingu fyrir náttúrulegu landslagi við mannvirkjahönnun og framkvæmdir og tryggja skal að mannvirki falli sem best að umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar. Þá miðar landsskipulagsstefna að því að „uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálandisins“⁶⁴. Tafla 5 sýnir skilgreiningu ferðaþjónustustaða skv. landsskipulagsstefnu.

Í landsskipulagsstefnu er gengið út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða og er hún sýnd í töflu 4:

⁶² (Ferðafélag Íslands 2022).

⁶³ Sjá kort [hér](#).

⁶⁴ (Skipulagsstofnun 2016b).


- Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir inn á hálendið og í jaðri þess.
- Hálendismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálendið.
- Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi.
- Fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.

TAFLA 4. Skilgreining ferðaþjónustustaða skv. landsskipulagsstefnu.

TEGUND	LÝSING SKV. LANDSSKIPULAGSSTEFNU	STAÐIR SKV. LANDSSKIPULAGSSTEFNU
Jaðarmiðstöð	Eru staðsettar við meginleiðir inn á hálendið, á jaðarsvæðum hálendisins og efst í byggð. Þjóða upp á alhliða þjónustu við ferðamenn. Þjóða upp á möguleika á ferðaþjónustu allan ársins hring. Gisting á hótélum, gistiheimilum eða í gistiskálum, tjaldsvæði.	Hólaskógur Hrauneyjar
Hálendismiðstöð	Eru staðsettar við meginleiðir um hálendið. Þjónustustarfsemi felst fyrst og fremst í rekstri gistingar og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits, en einnig getur verið um einhvern verslunar- og veitinga- rekstur að ræða. Gisting er almennt í gistiskálum, auk tjaldsvæða. Einnig möguleiki á að þjóða upp á hótél- og gistiheimilagistingu, enda sé slík gisting aðeins hluti gistiþræðis á viðkomandi stað og falli að öllu leyti að kröfum um óbyggðaupplifun.	Kerlingarfjöll Árbúðir Hólaskjól Háumýrar

TEGUND	LÝSING SKV. LANDSSKIPULAGSSTEFNU	STAÐIR SKV. LANDSSKIPULAGSSTEFNU
	Gert er ráð fyrir samfelldri ferðaþjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímenn.	Skálpanes Galti Markarfljótsskáli Hvanngil Álftavatn Landmannalaugar Landmannahellir Tjaldvatn Versalir Nýidalur Hágöngur Fagriskógur Básar Húsadalur Langidalur Svínárnes Gljúfurleit Hagavatn Tjaldafell
Skálasvæði	Eru í góðu vegasambandi. Gisting er í gistiskálum, auk tjaldsvæða. Gert er ráð fyrir ferðaþjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímenn. Þjónustustarfsemi felst fyrst og fremst í rekstri gistiskála og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits.	
Fjallasel	Við ákvörðun um staðsetningu nýrra fjallaselja skal tekið mið af því að fjarlægð milli jaðar- og hálendismiðstöðva, skálasvæða og fjallaselja sé jafnan hæfileg dagleið fyrir göngufólk. Gisting er í gistiskálum, auk tjaldsvæða. Eru að jafnaði stakir fjallaskálar, en eftir atvikum getur einnig verið hesthús eða önnur smærri fylgihús. Tjaldsvæði. Þjónustustarfsemi felst í rekstri gistiskála og tjaldsvæðis auk fræðslu og eftirlits.	Aðrir skálar en þeir sem taldir eru upp hér að ofan

Gerð er grein fyrir fjölda gistinóttanna í nokkrum skálum á svæðinu á mynd 22, en upplýsingar eru frá rekstraraðilum. Ekki fengust í öllum tilfellum upplýsingar fyrir hvert ár.



MYND 22. Fjöldi gistinóttanna á stærstu gististöðum á svæðinu 2009-2019. Upplýsingar frá rekstraraðilum.

2.5.1 Áfangastaðaáætlun Suðurlands

Í áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018-2021 kemur fram að áhersla er á að styrkja grunnþjónustu og innviði og að þörf sé á heildrænni uppbyggingu áningarstaða. Almennt er þörf á betri samgöngum innan svæðisins

⁶⁵ (Markaðsstofa Suðurlands, á.á.).

⁶⁶ (Markaðsstofa Suðurlands 2019).

sem og inn á landshlutann til að dreifa ferðamönnum betur⁶⁵. Í áfangastaðaáætlun Suðurlands, sem uppfærð var 2019⁶⁶, eru settar fram eftirfarandi aðgerðir varðandi ferðaþjónustu:

- Tryggja uppbyggingu samhliða verndun svæða og menningarminja.
- Uppbygging taki mið af umhverfinu og falli vel að náttúrunni á hverjum stað.
- Uppbygging byggist á fegurð og góðri hönnun.
- Skipulag byggir á náttúruvernd, verndun menningarminja og umhverfisvænum kostum.
- Uppbygging og staðsetning áningarstaða ákveðin m.t.t. náttúru, menningarminja og öryggis.
- Samræmi í hönnun og uppbyggingu áningarstaða.

2.5.2 Mat á ástandi ferðamannastaða

Umhverfisstofnun hefur þróað ástandsmat ferðamannastaða en með því fæst yfirsýn um ástand staðanna. Matið er gefið út árlega fyrir friðlýst svæði. Samkvæmt skýrslu sem gefin var út árið 2021⁶⁷ voru tveir áfangastaðir á Suðurlálandinu í hættu: Strútur og Suðurnám, sem eru innan Friðlands að Fjallabaki. Svæði sem metin eru í hættu eru í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu vegna áhrifa ferðamanna á náttúruna. Tvö svæði eru talin í hugsanlegri hættu og þar þarf að grípa til aðgerða. Þessi svæði eru Rauðifoss og Vondugiljaaurar innan Friðlands að Fjallabaki. Þeir

⁶⁷ (Umhverfisstofnun 2021).

staðir á Suðurlálandinu sem koma vel út úr ástandsmatinu eru: Eldgjá, Laki, Langisjór og Tjarnargígur.

2.5.3 Flokkun þjónustustaða í svæðisskipulagi

Í svæðisskipulagi fyrir Suðurlálandi er gerð tillaga að breytingu á flokkun þjónustustaða frá því sem er í landsskipulagsstefnu. Alls er gerð tillaga að því að færa 9 svæði niður um flokk, fimm færast upp um flokk, í samræmi við uppbyggingu sem orðin er, og eitt nýtt skálasvæði bætist við, einnig í samræmi við uppbyggingu sem nú þegar hefur verið orðið á svæðinu. Hér er gefið yfirlit yfir þessar breytingar og í umfjöllun hér á eftir er farið yfir forsendur þessara breytinga.

- A. Húsadalur/Markarfljót færast upp úr flokki skálasvæða í hálendismiðstöð.
- B. Fjögur fjallasel færast upp og verða skálasvæði (Blágil, Áfangagil, Emstrur/Botnar, Svartárbotnar/Gíslaskáli).
- C. Eitt nýtt skálasvæði – Geldingafell.
- D. Hólaskógur og Hrauneyjar eru færðar niður um flokk úr jaðarmiðstöð í hálendismiðstöð.
- E. Háumýrar eru færðar niður um flokk úr hálendismiðstöð í fjallasel.
- F. Sex skálasvæði færast niður og verða fjallasel.

Í vinnslutillögu svæðisskipulagsins var gert ráð fyrir að Nýidalur yrði hálendismiðstöð en fallið hefur verið frá því í kjölfar umsagna.


2.5.3.1 Þjónustusvæði sem lagt er til að færast upp um flokk

Sú uppbygging sem er á svæðunum, eða er áformuð t.a.m. skv. samþykktu deiliskipulagi/aðalskipulagi gerir ráð fyrir umfangi uppbyggingar sem styður við að þjónustusvæðið færast upp um flokk.

- A. *Húsadalur/Markarfljót færast upp úr flokki skálasvæða í hálendismiðstöð.*

Svæðið færast úr skálasvæði í flokk hálendismiðstöðva, ekki síst vegna áformaðrar betri göngutengingar með göngubrú yfir Markarfljót og vegna þeirrar þjónustu sem nú þegar er þar í dag. Húsadalur er opinn allt árið. Boðið er upp á gistingu í lúxustjöldum, tveggja manna herbergjum, smáhýsum og fjallaskálum eða í eigin tjaldi. Boðið er upp á veitingar, morgunverð, hádegisverð, nestisþakka, millimál og hressandi drykk á barnum. Á staðnum er gufubað, sturtur og lítil laug. Gistirúm árið 2018 voru 127 og stærð bygginga 733 fm.⁶⁸ Á mynd 23 sést loftmynd af Húsadal af map.is frá 2019, ljósmynd af heimasíðu volcanotrails.com og klippa úr deiliskipulagsuppdraetti sem sýnir áformaða göngubrú og frekari uppbyggingu.


⁶⁸ [Mannvirki á miðhálandinu](#). Skipulagsstofnun 2018.



MYND 23. Húsadalur. Loftmynd, ljósmynd og deiliskipulag.

B. Fjögur fjallasel færast upp og verða skálasvæði; Blágil, Áfangagil, Emstrur/Botnar, Svartárbotnar/Gíslaskáli.

Í Blágili er í dag skáli sem nýttur hefur verið sem gangnamannaskáli, geymsla, kofi, hestagerði, hesthús og hús fyrir landvörð. Svæðið er með góða vegtengingu. Fyrir liggur deiliskipulag frá 2009 með tjaldsvæði, bílastæði, hús fyrir landvörð og starfsmenn upplýsingamiðstöðvar og rútustæði. Á mynd 24 er loftmynd af Blágili af map.is frá 2019, deiliskipulag svæðisins frá 2009 og ljósmynd frá Blágili af síðu [Vatnajökulsþjóðgarðs](#).




MYND 24. Blágil. Loftmynd, deiliskipulag og ljósmynd.

Í Áfangagili er hægt að fá gistingu fyrir allt að 40 manns í tveimur húsum. Þar er heysala og aðstaða fyrir hesta. Þar er starfsfólk sem sinnir þjónustunni. www.afangagil.is. Mynd 25 er af heimasíðu Áfangagils.



MYND 25. Áfangagil.

Í Emstrum/Botnar eru þrjú gistiskálar, skálavardarhús, gisting/tjaldsvæði/sala veitinga. Þar er vatnsból, fráveita og rotþró. Deiliskipulag er í gildi frá 2010 sem gerir ráð fyrir gistiskálum og landvaraðahúsum, bílastæðum og snúningsaðstöðu. Mynd 26 er af Emstru svæðinu af heimasíðu Ferðafélags Íslands og klippa úr deiliskipulagi svæðisins.



MYND 26. Emstrur/Botnar. Ljósmynd af skálum og hluti deiliskipulags.

Í Gíslaskála í Svartárbotnum er svefn- og mataraðstaða fyrir um 40 – 50 manns. Gashellur og góð aðstaða til matseldar. Vatnssalerni og sturta er fyrir hendi. Þar er einnig hesthús, gerði og heysala, auk þess sem rafstrengur liggur á staðinn og rafmagn komið á þær byggingar sem þar eru. Deiliskipulag var staðfest 2020 með byggingarreitur B2 fyrir nýjan skála og reit B1 fyrir stækkun á núverandi skála. Mynd 27 sýnir deiliskipulag svæðisins og mynd af skálanum.




MYND 27. Gíslaskáli. Deiliskipulag og mynd af skálanum.

C. Eitt nýtt skálasvæði – Geldingafell

Í Geldingafelli er myndarleg uppbygging í tengslum við ferðir á Langjökul (mynd 28). Aðstaðan er mest nýtt vegna vélsleðaferða um Langjökul og ekki er boðið upp á gistingu miðað við núverandi aðstaður. Um er að ræða þrjár byggingar um 150 m² hver, sem notaðar eru til að geyma vélsleða og annan tækjabúnað. Einnig eru fjórar minni byggingar, 50-100 m², þar sem er aðstaða fyrir gesti og starfsfólk ásamt geymslum.

Fram kemur að núverandi áform feli í sér afmörkun tveggja lóða fyrir þjónustustarfsemi og sé heildar byggingamagn allt að 700 m² á hvorri lóð. Á hvoru svæðinu er fyrirhugað að byggja 5 hús og gert ráð fyrir gistingu fyrir allt að 50 gesti samtals, og verður boðið upp á bæði gistingu í uppabúnum rúmum og svefnpokapláss. Þá verður bæði boðið upp á veitingasölu og aðstöðu til eldunar auk aðstöðu fyrir tæki og búnað í tengslum við ferðir, m.a. á Langjökul. Geldingafell er 1 km frá Kjalvegi og vegtenging þangað er góð. Geldingafell er inn á aðalskipulagi Bláskóga-byggðar og þar er í gildi deiliskipulag. Ef farið er áfram veginn til vesturs er komið að Skálpanesi sem skv. svæðisskipulaginu er fært úr skálasvæði niður í fjallasel. [Skipulagsstofnun ákvarðaði](#) árið 2020 að uppbygging á svæðinu væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



MYND 28. Lofmynd af Geldingafelli, frá map.is 2022.

2.5.3.2 Þjónustusvæði sem lagt er til að færast niður um flokk

D. Hólaskógur og Hrauneyjar eru færðar niður um flokk úr jaðarmiðstöð í hálandismiðstöð.

Stefna svæðisskipulags Suðrhálandis er að Hólaskógur og Hrauneyjar verði hálandismiðstöðvar og jaðarmiðstöðvar séu ekki innan Suðrhálandis, heldur utan þess. Í landsskipulagsstefnu er fjallað um þann möguleika að í aðalskipulagi sé hægt að gera ráð fyrir jaðarmiðstöðvum neðan hálandismarkna en sveitarfélögin hafa hér samræmt sína stefnu um þær.

Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir að jaðarmiðstöðvar séu neðan hálandismarkna og flestar þeirra þjóna hlutverki jaðarmiðstöðva nú þegar. Jaðarmiðstöðvar eru sýndar á korti til skýringar.

E. Háumýrar eru færðar niður um flokk úr hálandismiðstöð í fjallasel.

Engin uppbygging er í dag á Háumýrum. Þar voru vinnubúðir Landsvirkjunar en þær hafa verið fjarlægðar og landið þar í kring lagað. Háumýrar eru því ekki lengur sá viðkomustaður sem þær voru áður og engin áform eru um uppbyggingu á svæðinu sem gæti samræmst því að svæðið verði hálandismiðstöð. Því er gert ráð fyrir að færa Háumýrar niður um flokk úr hálandismiðstöð í fjallasel. Háumýrar eru innan marka friðlandsins í Þjórsárverum

F. Sex skálasvæði færast niður og verða fjallasel.

Galti, Markarfljótsskáli, Hagavatn, Hágöngur, Hvanngil og Skálpanes færast úr flokki skálasvæða í fjallasel í samræmi við umfang og uppbyggingu sem áætluð er á þessum stöðum til framtíðar. Stefna sveitarfélaganna á Suðrhálandi er að þessir staðir falli undir flokkunina fjallaskáli þar sem þarna eru að jafnaði stakir fjallaskálar og stefnan er að svo verði áfram. Engin gístiaðstaða er í Hágöngum í Ásahreppi og Skálpanesi í Bláskógabyggð.


2.6 Virkjanir



Á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár eru sex vatnsaflsvirkjanir; Búrfells-
virkjun, Sultartangavirkjun, Búðarhálsvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun, Sig-
ölduvirkjun og Vatnsfellsvirkjun. Vatni til miðlunar er safnað í uppistöðu-
lónin Sultartangalón, Þórisvatn, Sauðafellslón, Kvíslaveitu og Hágöngulón.
Að auki eru minni miðlunarmannvirki og inntakslón við hverja virkjun;
Bjarnarlón, Sporðöldulón, Hrauneyjalón, Krókslón og Vatnsfellslón.
Jafnframt eru tvær vindmyllur á Hafinu⁶⁹. Virkjanir og miðlunarlón eru
sýnd á mynd 29 og umfjöllun um þær í töflu 5.

Alþingi samþykkti í júní 2022 þingsályktunartillögu nr. 24/152 um 3.
áfangi rammaáætlunar⁷⁰, áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.
Gerð er grein fyrir flokkun virkjanakosta á skipulagssvæðinu sem þar eru
til umfjöllunar í töflu 6. Í töflu 7 er listi yfir þau svæði á Suðrhálendi sem
hafa verið friðlýst fyrir orkuvinnslu.

⁶⁹ (Landsvirkjun.is n.d.).



MYND 29. Virkjanir, vindraftstöðvar, miðlunarlón og veitur ásamt háspennulínunum. Einnig eru sýnd svæði í biðflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar og svæði sem hafa verið friðlýst fyrir orkuvinnslu.

⁷⁰ (Alþingi 2022).

TAFLA 5. Virkjanir og vatnsmiðlun.

HEITI	HELSTU MANNVIRKI
Sultartangavirkjun	Stöðvarhús, inntak, aðrennslisgöng, lokumannvirki, frárennslisskurður, Sultartangalón og stífla. Tengivirki.
Búðarhálsvirkjun og Sporðöldulón	Stöðvarhús, inntakshús, tengivirki, Sporðöldulón og stífla, botnrás, yfirfall og inntak í lóninu.
Hrauneyjafossvirkjun	Stöðvarhús, inntak, aðrennslis- og frárennslisskurðir, Hrauneyjalón, stífla, yfirfall og botnrás, tengivirki.
Sigölduvirkjun	Stöðvarhús, tengivirki, aðrennslis- og frárennslisskurðir, Krókslón, stífla og botnrás.
Vatnsfellsvirkjun	Stöðvarhús, tengivirki, aðrennslis- og frárennslisskurðir, Vatnsfellslón, stífla, yfirfall og botnrás.
Þórisvatnsmiðlun	Stífla og lokuvirki í frárennslisskurði sunnan Þórisvatns. Stífla við Þórisós.
Sauðafellslón	Stífla í Köldukvísl við Sauðafell. Yfirfall og botnrás er í stíflunni.
Kvíslaveita	Kvíslaveita samanstendur af 5 lónum sem mynduð voru með stíflum í ám og lækjum á afréttinum. Skurðir veita vatni á milli lóna og í Köldukvísl austan Sauðafells og þaðan í Sauðafellslón.
Hágöngumiðlun	Hágöngumiðlun var mynduð með stíflu í farvegi Köldukvíslar, austan við Syðri-Hágöngu. Önnur minni stífla er vestan Syðri-Hágöngu.
Búrfellsvirkjun	Virkjun, tvö stöðvarhús, aðrennslis- og frárennslisgöng, tengivirki ásamt Bjarnarlóni. Lokumannvirki og ísskolunarveita við Ísakot.
Vindmyllur á Hafinu	Tvær vindmyllur. Turn vindmyllanna er 55 m há og er heildarhæð vindmylla með spaða í efstu stöðu er 77 m.

⁷¹ (Rammaáætlun 2022).

TAFLA 6. Virkjanakostir í þriðja áfanga rammaáætlunar og flokkun Alþingis⁷¹.

VIRKJANAKOSTUR	FLOKKUN
Hagavatnsvirkjun, Bláskógabyggð	Biðflokkur
Búðartunguvirkjun í Hvítá, Bláskógabyggð	Biðflokkur
Skrokkölduvirkjun, Ásahr.	Biðflokkur
Hágönguvirkjun 1, áfangi, Ásahr.	Biðflokkur
Kjalölduveita í Þjórsá, Ásahr.	Biðflokkur
Markarfljótsvirkjun A, Rangárþing eystra	Verndarflokkur
Markarfljótsvirkjun B, Rangárþing eystra	Verndarflokkur
Norðlingaölduveita í Þjórsá, 566-567,7 m.y.s.	Verndarflokkur
Stóra-Laxá, Hrunamannahr. Skeiða og Gnúpverjahr.	Biðflokkur
Hólmsárvirkjun neðri við Atley, Skaftárh.	Biðflokkur
Búlandsvirkjun, Skaftárh.	Verndarflokkur
Hólmsárvirkjun við Einhyrning, án miðlunar	Biðflokkur
Búrfellslundur, Rang. ytra	Orkunýtingarflokkur

TAFLA 7. Svæði sem hafa verið friðlýst fyrir orkuvinnslu⁷².

FRIÐLÝST SVÆÐI FYRIR ORKUVINNSLU
Bláfellsvirkjun í Hvítá, Bláskógabyggð
Gýgjarfossvirkjun í Jökulfalli
Bjallavirkjun, Rang. ytra
Kerlingarfjallasvæði, Hverabotn
Kerlingarfjallasvæði, Kisubotnar
Kerlingarfjallasvæði, Neðri-Hveradalir
Kerlingarfjallasvæði, Þverfell
Sköflungur á Tungnaársvæðinu
Tungnaárlón, Skaftárh.

Árið 2020 gaf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið út orkustefnu fyrir Ísland til ársins 2050 undir yfirskriftinni „Sjálfbær orkuframtíð“. Þar er

⁷² (Rammaáætlun 2022).


bent á að þó að Ísland búi enn yfir óbeisluðu vatnsafla og jarðhita þá sé skynsamlegt að auka fjölbreytni í orkugjöfum meðal annars með hagnýtingu vindorku fyrir raforkuvinnslu. Gæta þarf að áhrifum á umhverfið og finna framtíðarorkuvinnslu stað í skipulagi þar sem mest sátt liggur um staðsetningu þeirra, jafnframt því að lágmarka umhverfisáhrif eins og mögulegt er⁷³.

Í sáttmála um núverandi ríkisstjórnarsamstarf⁷⁴ kemur fram að setja skuli sérstök lög um nýtingu vindorku. Markmið laganna verði að einfalda uppbyggingu vindorkuvera til framleiðslu á grænni orku en lögð verði áhersla á byggingu vindorkuvera nærri tengivirkjum og flutningslínunum til að tryggja afhendingaröryggi raforku og lágmarka umhverfisáhrif. Til að vinna að þessu verkefni hefur verið skipaður starfshópur um vindorku á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins eins og um má lesa í frétt á vef ráðuneytisins frá 11. júlí 2022⁷⁵. Verkefni vinnuhópsins er að fara yfir hvort hagnýting vindorku eigi að heyra undir lög nr. 48/2011 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða og vera þá um leið hluti af rammaáætlun. Starfshópurinn á einnig að taka til skoðunar og gera tillögur um hvernig leysa megi úr álitaefnum í löggjöf un vindorku. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili niðurstöðum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 1. febrúar 2023.

Þriðji áfangi rammaáætlunar⁷⁶, í samræmi við lög nr. 48/2011 um áætlun um verndun og orkunýtingu landsvæða, var samþykktur á Alþingi í júní 2022. Í þessum áfanga kom vindorka í fyrsta skipti til skoðunar og var niðurstaðan sú að tveir vindorkukostir fóru í nýtingarflokk, Búrfellslundur og Blöndulundur.

⁷³ (Stjórnarráð Íslands, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2020).

⁷⁴ (Stjórnarráð Íslands n.d.).



⁷⁵ (Stjórnarráð Íslands 2022).

⁷⁶ (Alþingi 2022).

2.7 Flutningskerfi raforku



Á Suðrhálendinu eru nokkrar háspennulínur sem liggja frá virkjunum á Þjórsár-Tungnaárvæðinu til byggða (tafla 8).

Kafla 1.4.1 í landsskipulagsstefnu fjallar um orkunýtingu í skipulagsáætlunum. „*Skipulagsákvæðanir um landnýtingu og mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu og orkuflutnings taki mið af áherslu landsskipulagsstefnu á sjálfbæra nýtingu orkulinda og verndun víðerna og náttúru miðhálandisins. Meiri háttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálandisins*“⁷⁷.

Landsnet leggur fram áætlun um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins í Kerfisáætlun. Í kafla um *Frekari þróun flutningskerfis* í langtímaáætlun Kerfisáætlunar 2020-2029⁷⁸ er fjallað um möguleika á þróun flutningskerfisins. Settir eru fram þrjár valkostir sem eru eftirfarandi:

- H.1. 220 kV línulögn yfir hálandið með 50 km jarðstreng yfir valið svæði.

⁷⁷ (Skipulagsstofnun 2016b).

⁷⁸ (Landsnet n.d.).

- H.2. Jafnstraumstenging yfir hálandið.
- B. Endurbygging lína milli Fljótsdals og Sigöldu sem 220 kV línur.

Kostir H.1 og H.2 miðast við að farið verði með línu/jarðstreng yfir Sprengisand. Kostur B miðast við að byggðalínan sem liggur um Fjallabakssvæðið verði styrkt. Allir kostir geta því haft áhrif á Suðrhálandi. Valkostirnir eru til þróunar á flutningskerfinu eftir að 10 ára áætlun hefur verið hrundið í framkvæmd og ekki er ljóst hvenær þörf er á þessum styrkingum. Í Kerfisáætlun 2021-2030⁷⁹ er áfram horft til þess að koma á annarri tengingu á milli landshluta um hálandið eða með tengingu suður fyrir jökla, án þess að leggja mat á hvenær það þarf að gera.

TAFLA 8. Núverandi háspennulínur.

HEITI LÍNU	LÝSING
Búðarháslína 1	Liggur frá Búðarhásvirkjun og tengist Hrauneyjafosslínu 1 við Langöldu, stærð 220 kV.
Búrfellslína 1	Liggur frá tengivirki við Búrfell í tengivirki við Geitháls. Línan er 220 kV.
Búrfellslína 2	Liggur frá Búrfellsvirkjun að Kolviðarhóli, stærð 220 kV.
Búrfellslína 3	Liggur frá tengivirki við Búrfell, í tengivirki við Hamranes. Línan er 220 kV, byggð að hluta fyrir 400 kV.
Hrauneyjafosslína 1	Liggur frá Hrauneyjafossvirkjun að Sultartangavirkjun, stærð 220 kV.
Sigöldulína 2	Liggur frá Sigölduvirkjun að Hrauneyjafossvirkjun, stærð 220 kV.
Sigöldulína 3	Liggur frá Sigölduvirkjun að Búrfellsvirkjun, stærð 220 kV.
Sigöldulína 4	Liggur frá Sigölduvirkjun að Prestbakka á Síðu, stærð 132 kV.
Vatnselfslína 1	Liggur frá Vatnselfsvirkjun að Sigölduvirkjun, stærð 220 kV.

⁷⁹ (Landsnet n.d.).

3 UMHVERFISMAT - NÁLGUN

Tilgangur umhverfismats svæðisskipulagsins er að tryggja eftir bestu getu að umhverfisáhrif séu metin og að tekið sé tillit til líklegra áhrifa við stefnumótunina. Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.
- Leggja fram tillögur að mótvægisáðgerðum

Umhverfisáhrif eru metin út frá einkennum áhrifanna m.t.t. viðmiða sem skilgreind eru út frá stefnu stjórnvalda, Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Jafnframt er byggt á upplýsingum sem komu fram við kynningu og samráð meðan á gerð skipulagsins stendur.

Umhverfismatið er unnið samhliða gerð svæðisskipulagsins og stuðlar það að upplýstri og gagnsæri ákvarðanatöku sem tekur mið af áhrifum á umhverfið. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum við mótun stefnu svæðisskipulagsins eða mótun á mótvægisáðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum. Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir því og hvort áhrifin séu háð útfærslu á stefnu skipulagsins á síðari stigum, s.s. við gerð deiliskipulags eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Ef tilefni er til verður mótuð vöktunaráætlun til að vakta umhverfisáhrifin sem getur t.d. falið í sér að vakta ákveðna mælikvarða.

Mat á umhverfisáhrifum svæðisskipulagsins skiptist í þrjá hluta. Í þeim fyrsta er farið yfir forsendur, stöðu og þróun þeirra meginþátta sem svæðisskipulagið tekur til. Í öðrum hluta eru mótaðar sviðsmyndir um mögulega þróun á Suðurláendi og þær bornar saman með því að svara matsspurningum sem segja til um hvort stefnt sé í sömu átt og skilgreind viðmið. Í þriðja hluta er stefna svæðisskipulagsins metin með tilliti til sömu viðmiða.

3.1 Fyrsti áfangi – forsendur, staða og þróun

Í fyrsta áfanga umhverfismatsins er gefið yfirlit yfir forsendur, stöðu og þróun á svæðinu tengt þeim þáttum sem eru til umfjöllunar í svæðisskipulaginu.

3.2 Annar áfangi – Sviðsmyndir

Í öðrum áfanga umhverfismatsins eru mótaðar sviðsmyndir sem byggja á mismunandi áherslum á verndun annars vegar og uppbyggingu mannvirkja hins vegar. Settar eru fram þrjár sviðsmyndir með ramma um framkvæmdir fyrir vegi, þjónustumiðstöðvar, virkjanir og háspennulínur.

3.3 Þriðji áfangi – Mat á stefnu

Í þriðja áfanga umhverfismatsins er stefna svæðisskipulags Suðurláendis metin og eru matsþættir og viðmið úr öðrum áfanga notuð áfram. Stefan er mótuð í samræmi við valda sviðmynd úr öðrum áfanga. Viðmið eru sótt í lög, reglur og opinber stefnuskjöl, en einnig í landsskipulagsstefnu.

Þar sem mörg viðmið í matinu eru fengin úr landsskipulagsstefnu nær matið ágætlega yfir samræmi svæðisskipulagsins við landsskipulagsstefnu. Í þriðja áfanga er fjallað um samræmi stefnu svæðisskipulagsins við landsskipulagsstefnu, aðalskipulag sveitarfélaganna og aðra stefnumörkun stjórnvalda.

3.4 Umhverfis- og áhrifaþættir, matsspurningar og viðmið

Svæðisskipulag Suðurlandis felur í sér stefnu sem hefur áhrif t.a.m. á uppbyggingu vega, umferð, uppbyggingu innviða í tengslum við þjónustu og uppbyggingu innviða í tengslum við orku.

Skilgreindir eru þrjú flokkar umhverfisþátta sem geta orðið fyrir áhrifum af stefnumörkun svæðisskipulagsins og framkvæmdum byggðum á stefnunni. Fyrir hvern umhverfisþátt eru sett fram viðmið sem byggjast meðal annars á landsskipulagsstefnu, viðmiðum sveitarfélaganna í samfélags- og umhverfismálum og viðmiðum í annarri opinberri stefnu, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Umhverfisþættirnir eru eftirfarandi:







- Náttúra
- Samfélag
- Auðlindir







Í töflu 9 er yfirlit yfir umhverfisþættina ásamt undirflokkum og settar fram matsspurningar til að meta samræmi af sviðsmyndum og stefnu svæðisskipulagsins við viðmið úr innlendum áætlunum, völdum Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna, öðrum stefnum, lögum og reglugerðum sem taka mið af alþjóðlegum samþykktum t.a.m. um verndun. Umhverfismat sviðsmynda og af stefnu svæðisskipulagsins gefur sterka vísbindingu

um hvernig stefna svæðisskipulagsins samræmist stefnu stjórnvalda, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum.



TAFLA 9. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ	HEIMS-MARKMIÐ
Náttúra			
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir sem njóta verndar, fugla, gróður, búsvæði eða tegundir sem eru friðlýstar eða á válista? Er ferðafólki og aðstöðu fyrir það dreift þannig að álag á náttúruna sé í samræmi við þol hennar?	61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni. Landsskipulagsstefna 2015-2026.	
Samfélag			
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar?	Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Friðlýstar og friðaðar minjar.	
Heilsa og öryggi	Tekur stefnan tillit til náttúruvár? Tekur stefnan tillit til umferðaröryggis?	Landsskipulagsstefna 2015-2026.	
Andrúmsloft	Hefur stefnan áhrif á andrúmsloft þannig að loftgæði fari yfir sett mörk? Hefur stefnan þau áhrif að hávaði fari yfir sett mörk? Tekur stefnan tillit til losunar gróðurhúsalofttegunda og loftslagsbreytinga? Eru tækifæri til til að minnka kolefnisspor nýtt, til dæmis kolefnisbinding með breyttri landnotkun, skógrækt eða landgræðslu?	Reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999, með síðari breytingum. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030. Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024.	
Byggð	Er þess gætt að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar? Er megin áhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálendisins?	Landsskipulagsstefna 2015-2026. Kortlagning víðerna á Suðrhálendi.	
Samgöngur og fjarskipti	Stuðlar stefnan að góðu aðgengi að hálendinu? Gerir stefnan ráð fyrir því að vegaf framkvæmdum verði haldið í lágmarki og möskvar vegakerfisins verði sem stærstir? Er leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamáta? Eru ferðamannaleiðir, þ.e. gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir, eftir því sem kostur er, aðskildar frá meginvegakerfi miðhálendisins?	Landsskipulagsstefna 2015-2026. Áfangastaðaáætlun Suðurlands.	

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ	HEIMS-MARKMIÐ
	Tekur stefnan mið af því að byggja upp traust fjarskiptakerfi sem taki mið af landsskipulagsstefnu um víðerni og náttúru miðhálandisins?		
Auðlindir			
Landslag	Er gert ráð fyrir meiri mannvirkjum innan víðerna en sem nemur þeirri takmörkuðu mannvirkjagerð sem sett er stefna um í landsskipulagsstefnu s.s. gönguskálum, vegslóðum, göngu- og reiðleiðum? Hefur stefnan áhrif á landslag með ríka sérstöðu sem hefur hátt verndargildi? Eru tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja á lofti og landi?	Landsskipulagsstefna 2015-2016. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Kortlagning víðerna á Suðrhálandi. Kortlagning landslagssgerða á Suðrhálandi og verndargildi þeirra.	 
Verndarsvæði	Hefur stefnan áhrif á stærð, gildi eða eðli verndarsvæða?	Skilmálar friðaðra/friðlýstra svæða. Svæði á náttúruminjaskrá.	
Land	Þarf að aflaga fyrir nýjum efnistökusvæðum vegna stefnunnar?	Aðalskipulag sveitarfélaganna.	
Orka	Eru orkulindir á Suðrhálandi nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega m.t.t. verndunar víðerna? Er öllum tryggður aðgangur að öruggri og sjálfbærri orku?	Landsskipulagsstefna 2015-2026.	
Grunnvatn	Eru mikilvæg vatnstengd vistkerfi vernduð?	Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Aðalskipulag sveitarfélaganna. Rammaáætlun um vernd og nýtingu. Samþykkt um vatnsvernd á Suðurlandi nr. 326/2022.	 

4 UMHVERFISMAT SVIÐSMYNDNA




Settar eru fram þrjár sviðsmyndir sem eru einfölduð mynd um mögulega þróun uppbyggingar, til að meta hvaða áhrif mismunandi ákvarðanir um framtíðarskipulag hafa. Dreginn er fram skýr munur á ólíkum leiðum til að takast á við mögulega framtíðarþróun og er niðurstaða matsins nýtt til að móta og útfæra stefnu svæðisskipulagsins.

4.1 Sviðsmyndir um uppbyggingu

Sviðsmyndirnar eru þrjár; A, B og C og byggja þær á mismunandi áherslum á verndun annars vegar og uppbyggingu mannvirkja hins vegar (kafli 4.1.1). Í sviðsmyndunum er spurt hvort stefna um uppbyggingu á Suðurhálandinu eigi að miða við að mannvirkjagerð skerði ekki víðerni, að skerðingu vegna mannvirkjagerðar sé haldið í lágmarki, eða jafnvel að byggt sé upp þannig að víðerni skerðist. Fyrir hverja sviðsmynd er settur fram rammi um framkvæmdir fyrir vegi, þjónustumiðstöðvar, virkjanir og háspennulínur, en aðrar framkvæmdir geta líka fallið undir sviðsmyndirnar. Mynd 16 lýsir muninum á sviðsmyndunum þremur.



MYND 30. Sviðsmyndir fyrir uppbyggingu, skipulag og þróun Suðurrhálands.

<p style="text-align: center;">A</p>  <p style="text-align: center;">Áhersla á verndun og lágt mannvirkjastig með sumarvegum og lágmarksuppbyggingu innan hálandisins</p>	<p style="text-align: center;">B</p>  <p style="text-align: center;">Áhersla á verndun og meðal mannvirkjastig með öruggari vegum og hóflegri uppbyggingu innan hálandis</p>	<p style="text-align: center;">C</p>  <p style="text-align: center;">Áhersla á hátt mannvirkjastig með uppbyggingu heilsársvega og þjónustustöðva á hálandinu</p>
<p>Engin ný mannvirki á hálandi sem skerða víðerni.</p> <p>Stofnvegir hálandisins eru lítið uppbyggðir ferðamannavegir að sumri með lágum hámarkshraða, sem fylgja landi, að hluta malarbornir og að hluta með bundnu slitlagi.</p> <p>Miðstöðvar með þjónustu og upplýsingum við meginvegi á jaðri. Engar nýjar miðstöðvar á hálandinu.</p> <p>Engar nýjar virkjanir eða háspennulínur sem skerða víðerni sem ekki eru nú þegar komnar í aðalskipulag. Örvirkjanir heimilar tengdar ferðamannastöðum.</p>	<p>Ný mannvirki sem skerða víðerni í lágmarki.</p> <p>Stofnvegir hálandisins eru lítið uppbyggðir ferðamannavegir með hámarkshraða allt að 70 km/klst, sem fylgja landi og eru með bundnu slitlagi. Vegir opnir meirihluta árs, vor, sumar og haust eftir aðstæðum.</p> <p>Miðstöðvar með þjónustu og upplýsingum alla jafna á jaðri hálandisins og við meginvegi. Fáar nýjar miðstöðvar á hálandinu.</p> <p>Nýjar virkjanir og háspennulínur heimilar þar sem skerðing á víðernum er í lágmarki. Örvirkjanir heimilar tengdar ferðamannastöðum.</p>	<p>Mannvirki sem skerða víðerni.</p> <p>Stofnvegir hálandisins eru uppbyggðir heilsársvegir með hámarkshraða og hönnunarhraða allt að 90 km/klst</p> <p>Miðstöðvar með þjónustu og upplýsingum á jaðri hálandisins og uppbygging nýrra miðstöðva við stofnvegi hálandisins.</p> <p>Nýjar virkjanir eða háspennulínur sem skerða víðerni. Örvirkjanir heimilar tengdar ferðamannastöðum.</p>

4.1.1 Sviðsmyndir

Sviðsmynd A: Áhersla á verndun og lágt mannvirkjastig

Í sviðsmynd A er áhersla lögð á verndun og lágt mannvirkjastig með sumarvegum og lágmarksuppbyggingu innan hálendisins. Ný mannvirki á hálendinu skulu ekki skerða víðerni.

Stofnvegir hálendisins eru lítið uppbyggðir ferðamannavegir sem eru opnir yfir sumartímann. Vegirnir eru með lágum hámarkshraða og fylgja landslagi. Ástand vega yrði líkt og það er í dag, þeir verði að hluta malarbornir og að hluta lagðir bundnu slitlagi.



MYND 31. Sviðsmynd A. Vegir verða svipaðir og þeir eru í dag.

Þjónustu- og upplýsingamiðstöðvar eru staðsettar á jaðri hálendisins og miðað er við að engar nýjar miðstöðvar séu heimilar inni á hálendinu.

Engar nýjar virkjanir eða háspennulínur sem skerða víðerni verða heimilaðar. Heimilaðar eru þær virkjanir og háspennulínur sem nú þegar er gert ráð fyrir í aðalskipulagi.

Heimilt er að nýta örvirkjanir með uppsettu afli undir 10kW, til framleiðslu á rafmagni til að nota á ferðamannastöðum.

Sviðsmynd B: Áhersla á verndun og meðal mannvirkjastig

Í sviðsmynd B er áhersla lögð á verndun og meðal mannvirkjastig með öruggari vegum og hóflegri uppbyggingu innan hálendisins.



MYND 32. Sviðsmynd B. Hóflega uppbyggðir vegir sem felldir verða að landslagi og með bundnu slitlagi.

Stofnvegir hálendisins, Kjalvegur og Sprengisandsleið eru felldir að landslagi og hönnunarhraði miðaður við hámarkshraða 70 km/klst. Vegirnir eru felldir að landslagi með litlum halla í skeringum og fláum, og lítillaga uppbyggðir þannig að þeir afvatni sig og haldist sem lengst opnir inn í vetrartímann. Til að lágmarka rekstrarkostnað er miðað við að vegirnir séu með bundnu slitlagi. Markmið að vegir séu opnir stærri hluta árs, vor, sumar og haust, en er í dag.

Þjónustu- og upplýsingamiðstöðvar eru að mestu staðsettar á jaðri hálendisins og við meginvegi og einungis fáar nýjar miðstöðvar á hálendinu, sem ekki skerða víðerni.

Nýjar virkjanir og háspennulínur yrðu heimilaðar þar sem skerðing á víðernum er í lágmarki, til að mynda þar sem mannvirki er að finna nú þegar.

Heimilt er að nýta örvirkjanir með uppsettu afli undir 10kW, til framleiðslu á rafmagni til að nota á ferðamannastöðum.

Sviðsmynd C: Áhersla á hátt mannvirkjastig

Í sviðsmynd C er gert ráð fyrir háu mannvirkjastigi með uppbyggingu heilsársvega og þjónustumiðstöðva á hálendinu.

Stofnvegir hálendisins verða uppbyggðir heilsársvegir með hámarkshraða 90 km/klst. Lega í landinu markast af beinum línnum og ferlum með lágmarks beygjuradíusum. Vegi þarf að byggja vel upp úr landi (1-2 m) vegna vetraraksturs og þeir eru líklegir til að vera vel sýnilegir í landslaginu.

Reiknað er með að miðstöðvar með þjónustu og upplýsingum verði á jaðri hálendisins, líkt og í sviðsmyndum A og B, en einnig er jákvæðni fyrir uppbyggingu nýrra miðstöðva við stofnvegi hálendisins, sem geta skert víðerni.

Nýjar virkjanir og háspennulínur eru heimilar sem skerða víðerni.

Heimilt er að nýta örvirkjanir með uppsettu afli undir 10 kW, til framleiðslu á rafmagni til að nota á ferðamannastöðum.



MYND 33. Sviðsmynd C. Uppbyggðir heilsársvegir sem verða sýnilegir í landinu.

4.2 Mat á sviðsmyndum

Til að meta áhrif sviðsmynda um uppbyggingu fór ráðgjafateymi svæðisskipulagsverkefnisins yfir hverja sviðsmynd út frá matsspurningum og tengdum viðmiðum til þess að geta borið saman umhverfisáhrif sviðsmyndanna þriggja. Við matið var stuðst við forsendur í verkefninu auk þess sem farið var yfir drög að matinu með svæðisskipulagsnefnd. Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum sviðsmyndanna er birt í töflu 10. Samantekt á umhverfisáhrifum sviðsmynda er í töflu 11. Einkunnagjöf er sett fram í töflunni þannig að grænt er besti kosturinn út frá áhrifum á umhverfisþáttinn, en rautt er sísti kosturinn, og gult er þar á milli. Hvítt er háð útfærslu.

TAFLA 10. Mat á umhverfisáhrifum sviðsmynda fyrir uppbyggingu, skipulag og þróun á Suðrhálendi.

UMHVERFIS- ÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVIÐSMYND A	SVIÐSMYND B	SVIÐSMYND C
		Áhersla á verndun og lágt mannvirkjastig með sumarvegum og lágmarksuppbyggingu innan hálendisins	Áhersla á verndun og meðal mannvirkjastig með öruggari vegum og hóflegri uppbyggingu innan hálendis	Áhersla á hátt mannvirkjastig með uppbyggingu heilsársvega og þjónustu á hálendinu
NÁTTÚRA				
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir sem njóta verndar, fugla, gróður, búsvæði eða tegundir sem eru friðlýstar eða á valista?	Uppbygging mannvirkja ólíkleg til að hafa neikvæð áhrif á gróður og dýralíf.	Uppbygging mannvirkja getur haft neikvæð áhrif á gróður og dýralíf.	Uppbygging mannvirkja líklegri, en í öðrum sviðsmyndum, til að hafa neikvæð áhrif á gróður og dýralíf vegna þess að ný mannvirki kalla á að nýtt land sé brotið undir þau.
	Er ferðafólki og aðstöðu fyrir það dreift þannig að álag á náttúruna sé í samræmi við þol hennar?	Aðstöðu haldið á jaðri hálendis og aðgengi að hálendi takmarkað við þau sem ferðast hægt = meiri líkur á að álag á náttúruna sé í samræmi við þol hennar því náttúran á hálendinu er viðkvæm.	Aðstöðu að mestu haldið á jaðri hálendis en aðgengi að hálendinu aukið með betri vegum. Minni líkur á að álag á náttúruna sé í samræmi við þol hennar vegna meiri umgengni. Þol aukið með uppbyggingu áfangastaða á hálendinu þar sem álag á náttúruna er lágmarkað.	Aðgengi að hálendi aukið og uppbygging þjónustumiðstöðva þar sem beinir fólki inn á svæði þar sem náttúra er viðkvæm og þol ferðamannaþaða minna. Líkur á að uppbygging áfangastaða nái ekki að bregðast við álagi.
SAMFÉLAG				
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar?	Háð útfærslu	Háð útfærslu	Háð útfærslu
Heilsa og öryggi	Tekur stefnan tillit til náttúruvár ?	Minni líkur á að fólk sé á ferli í vondu veðri.	Umferð að vori og hausti þar sem umferð fólks í vondu veðri getur skapað hættulegar aðstæður.	Heilsárs umferð þar sem umferð fólks í vondu veðri er líklegri til að skapa hættulegar aðstæður.
	Tekur stefnan tillit til umferðaröryggis?	Vegkafla þyrfti að bæta með tilliti til umferðaröryggis.	Umbætur á vegum bæta umferðaröryggi.	Meiri umferð samhliða betra aðgengi og háum umferðarhraða getur valdið alvarlegri slysum.
Andrúmsloft	Hefur stefnan áhrif á andrúmsloft þannig að loftgæði fari yfir sett mörk? Hefur stefnan þau áhrif að hávaði fari yfir sett mörk?	Hönnunarviðmið vega miða við lágan hraða sem fylgir lægra hljóðstig. Ryk fylgir vegum en loftgæði fara ekki yfir mörk.	Bundið slitlag hefur jákvæð áhrif á loftgæði og hentar betur fyrir rafknúna umferð. Meiri og hraðari umferð hækkar hljóðstig og staðbundin mengun vegna bílaumferðar getur aukist, en er ólíkleg til að fara yfir mörk.	Meiri og hraðari umferð hækkar hljóðstig og staðbundin mengun vegna bílaumferðar getur aukist verulega.

UMHVERFIS- ÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVIÐSMYND A	SVIÐSMYND B	SVIÐSMYND C
		Áhersla á verndun og lágt mannvirkjastig með sumarvegum og lágmarksupbyggingu innan hálandisins	Áhersla á verndun og meðal mannvirkjastig með öruggari vegum og hóflegri uppbyggingu innan hálandis	Áhersla á hátt mannvirkjastig með uppbyggingu heilsársvega og þjónustu á hálandinu
	Tekur stefnan tillit til losunar gróðurhúsalofttegunda og loftslagsbreytinga?	Minnst umferð, minnst losun.	Meiri umferð, meiri losun.	Mest umferð, mest losun.
	Eru tækifæri til til að minnka kolefnisspor nýtt, til dæmis kolefnisbinding með breyttri landnotkun, skógrækt eða landgræðslu?	Kolefnisbinding ekki hluti af sviðsmynd.	Kolefnisbinding ekki hluti af sviðsmynd.	Kolefnisbinding ekki hluti af sviðsmynd.
Byggð	Er þess gætt að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar?	Skerðing á óbyggðaupplifun ólíkleg.	Skerðing á óbyggðaupplifun ólíkleg, en möguleg vegna bættra vega.	Skerðing á óbyggðaupplifun líklegri vegna fleiri og stærri mannvirkja.
	Er megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálandisins?	Áhersla á uppbyggingu á jaðri hálandisins en álag skapast á hálandinu.	Áhersla á uppbyggingu á jaðri en uppbygging heimiluð inni á hálandinu á völdum áfangastöðum, til að bregðast við álagi á náttúruna.	Áhersla er ekki bara á uppbyggingu á jaðri heldur líka uppbyggingu inni á hálandinu.
Samgöngur og fjarskipti	Stuðlar stefnan að góðu aðgengi að hálandinu?	Malarvegir, torfærir slóðar og óbrúaðar ár takmarka aðgengi að hálandinu.	Lítið uppbyggðir vegir og brúaðar ár bæta aðgengi að hálandinu.	Mikið uppbyggðir vegir með háum hámarkshraða bæta verulega aðgengi að hálandinu.
	Gerir stefnan ráð fyrir því að vegaf framkvæmdum verði haldið í lágmarki og möskvar vegakerfisins verði sem stærstir?	Vegaframkvæmdum er haldið í lágmarki.	Vegaframkvæmdir eru að mestu bundnar við núverandi vegi og ekki er gert ráð fyrir nýjum vegum til að þétta möskva vegakerfisins.	Töluverð uppbygging vega og möskvar vega með háum leyfilegum hraða þéttist.
	Er leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamáta?	Ekki hluti af sviðsmynd.	Ekki hluti af sviðsmynd.	Ekki hluti af sviðsmynd.
	Eru ferðamannaleiðir þ.e. gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir, eftir því sem kostur er, aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins ?	Akandi og hjólandi eiga bærilega saman á blönduðum ferðaleiðum þar sem umferð er hæg. Göngu- og reiðleiðir eru aðskildar frá stofnvegum.	Akandi og hjólandi eiga ver saman á blönduðum ferðaleiðum þegar umferð verður hraðari. Göngu- og reiðleiðir eru aðskildar frá stofnvegum.	Akandi og hjólandi eiga ver saman á blönduðum ferðaleiðum þegar umferð er hröð, – sem kallar á meiri framkvæmdir vegna nýrra hjólaleiða. Göngu- og reiðleiðir eru aðskildar frá stofnvegum.

UMHVERFIS- ÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVIÐSMYND A	SVIÐSMYND B	SVIÐSMYND C
		Áhersla á verndun og lágt mannvirkjastig með sumarvegum og lágmarksupbyggingu innan hálandisins	Áhersla á verndun og meðal mannvirkjastig með öruggari vegum og hóflegri uppbyggingu innan hálandis	Áhersla á hátt mannvirkjastig með uppbyggingu heilsársvega og þjónustu á hálandinu
	Tekur stefnan mið af því að byggja upp traust fjarskiptakerfi sem taki mið af landsskipulagsstefnu um víðerni og náttúru miðhálandisins?	Ekki hluti af sviðsmynd.	Ekki hluti af sviðsmynd.	Ekki hluti af sviðsmynd.
AUÐLINDIR				
Landslag	Er gert ráð fyrir meiri mannvirkjum innan víðerna en sem nemur þeirri takmörkuðu mannvirkjagerð sem sett er stefna um í landsskipulagsstefnu s.s. gönguskálum, vegslóðum, göngu- og reiðleiðum?	Lágt mannvirkjastig og lítil áhrif til skerðingar.	Hærra mannvirkjastig og meiri áhrif til skerðingar.	Ný mannvirki skerða víðerni.
	Hefur stefnan áhrif á landslag með ríka sérstöðu sem hefur hátt verndargildi?	Minnst hætta á að ný mannvirki hafi neikvæð áhrif.	Meiri hætta á að ný mannvirki hafi neikvæð áhrif.	Neikvæð áhrif af nýjum mannvirkjum.
	Eru tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja á lofti og landi?	Mestar líkur á kyrrlátum svæðum vegna minni umferðar inn á svæðið.	Minni líkur á kyrrlátum svæðum vegna meiri umferðar inn á svæðið.	Kyrrlát svæði ekki tryggð vegna umferðar vélknúinna ökutækja og loftfara sem getur aukist utan alfaraleiða, samfara meiri umferð inn á svæðið.
Verndarsvæði	Hefur stefnan áhrif á stærð, gildi eða eðli verndarsvæða?	Meira álag á verndarsvæði en lítil viðnámsþróttur vegna takmarkaðrar uppbyggingar.	Minnst álag á verndarsvæði með því að byggja aðstöðu á áfangastöðum sem vernda náttúruna þar fyrir álagi.	Mest álag á verndarsvæði vegna of mikillar umferðar og álags á verndarsvæði.
Land	Þarf að afla leyfa fyrir nýjum efnistökusvæðum vegna stefnunnar?	Ólíklegt að leita þurfi nýrra leyfa fyrir efnistökusvæðum, svo einhverju nemi, vegna uppbyggingar vega.	Líklegt að leita þurfi nýrra leyfa fyrir efnistökusvæðum vegna uppbyggingar vega.	Líklegast að leita þurfi nýrra leyfa fyrir efnistökusvæðum vegna uppbyggingar vega.
Orka	Eru orkulindir á Suðurhálandi nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega m.t.t. verndunar víðerna?	Engin ný nýting orkulinda sem hefur neikvæð áhrif á umhverfi og víðerni.	Nýjar orkulindir nýttar en gætt að því að neikvæð áhrif á umhverfi og víðerni séu takmörkuð.	Nýjar orkulindir nýttar með virkjunum og línumannvirkjum sem hafa neikvæð áhrif á umhverfið og skerða víðerni.
	Er öllum tryggður aðgangur að öruggri og sjálfbærri orku?	Stefnt að sjálfbærni í orkuöflun fyrir þjónustu fjarri mannabyggðum.	Stefnt að sjálfbærni í orkuöflun fyrir þjónustu fjarri mannabyggðum.	Stefnt að sjálfbærni í orkuöflun fyrir þjónustu fjarri mannabyggðum.

UMhverfis- ÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	SVIÐSMYND A	SVIÐSMYND B	SVIÐSMYND C
		Áhersla á verndun og lágt mannvirkjastig með sumarvegum og lágmarksupbyggingu innan hálendisins	Áhersla á verndun og meðal mannvirkjastig með öruggari vegum og hóflegri uppbyggingu innan hálendis	Áhersla á hátt mannvirkjastig með uppbyggingu heilsársvega og þjónustu á hálendinu
Grunnvatn	Eru mikilvæg vatnstengd vistkerfi vernduð?	Háð útfærslu	Háð útfærslu	Háð útfærslu

DRÖG DRÖG

TAFLA 11. Samantekt umhverfismats á valkostum fyrir uppbyggingu skv. sviðsmyndum A, B og C.

UMHVERFIS- ÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	A	B	C
NÁTTÚRA				
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir sem njóta verndar, fugla, gróður, búsvæði eða tegundir sem eru friðlýstar eða á valista?	■	■	■
	Er ferðafólki og aðstöðu fyrir það dreift þannig að álag á náttúruna sé í samræmi við þol hennar?	■	■	■
SAMFÉLAG				
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar?	■	■	■
Heilsa og öryggi	Tekur stefnan tillit til náttúruvár ?	■	■	■
	Tekur stefnan tillit til umferðaröryggis?	■	■	■
Andrúmsloft	Hefur stefnan áhrif á andrúmsloft þannig að loftgæði fari yfir sett mörk? Hefur stefnan þau áhrif að hávaði fari yfir sett mörk?	■	■	■
	Tekur stefnan tillit til losunar gróðurhúsalofttegunda og loftslagsbreytinga?	■	■	■
	Eru tækifæri til að minnka kolefnisspor nýtt, til dæmis kolefnisbinding með breyttri landnotkun, skógrækt eða landgræðslu?	■	■	■
Byggð	Er þess gætt að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar?	■	■	■
	Er megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálendisins?	■	■	■
Samgöngur og fjarskipti	Stuðlar stefnan að góðu aðgengi að hálendinu?	■	■	■
	Gerir stefnan ráð fyrir því að vegaframkvæmdum verði haldið í lágmarki og möskvar vegakerfisins verði sem stærstir?	■	■	■
	Er leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamáta?	■	■	■
	Eru ferðamannaleiðir þ.e. gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir, eftir því sem kostur er, aðskildar frá meginvegakerfi miðhálendisins?	■	■	■
	Tekur stefnan mið af því að byggja upp traust fjarskiptakerfi sem taki mið af landsskipulagsstefnu um viðerni og náttúru miðhálendisins?	■	■	■
AUÐLINDIR				
Landslag	Er gert ráð fyrir meiri mannvirkjum innan víðerna en sem nemur þeirri takmörkuðu mannvirkjagerð sem sett er stefna um í Landsskipulagsstefnu s.s. gönguskálum, vegslóðum, göngu- og reiðleiðum?	■	■	■
	Hefur stefnan áhrif á landslag með ríka sérstöðu sem hefur hátt verndargildi?	■	■	■
	Eru tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja á lofti og landi?	■	■	■
Verndarsvæði	Hefur stefnan áhrif á stærð, gildi eða eðli verndarsvæða?	■	■	■
Land	Þarf að afla leyfa fyrir nýjum efnistökusvæðum vegna stefnunnar?	■	■	■
Orka	Eru orkulindir á Suðrhálendi nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega m.t.t. verndunar víðerna?	■	■	■
	Er öllum tryggður aðgangur að öruggri og sjálfbærri orku?	■	■	■
Grunnvatn	Eru mikilvæg vatnstengd vistkerfi vernduð?	■	■	■

4.3 Niðurstaða mats á sviðsmyndum

Á fundi svæðisskipulagsnefndar 10. desember 2021 var kynning á þeim þremur sviðsmyndum sem hér eru lagðar fram, en þær voru mótaðar í samvinnu svæðisskipulagsnefndar og ráðgjafa. Sviðsmyndirnar voru mótaðar til að meta hvaða áhrif mismunandi ákvarðanir um framtíðarskipulag Suðurrhálandisins myndu hafa. Á sama fundi var farið yfir umhverfisþætti sem gætu orðið fyrir áhrifum af stefnumörkun svæðisskipulagsins og framkvæmdum byggðum á stefnunni. Viðmið fyrir umhverfisþættina byggja á landsskipulagsstefnu, aðalskipulagi sveitarfélaganna og viðmiðum í annarri opinberri stefnu, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum.

Á fundi svæðisskipulagsnefndar þann 1. febrúar 2022 var farið yfir umhverfismat sviðsmyndanna, sem fjallað er um hér að framan. Niðurstaða umhverfismatsins hvetur sveitarfélögin til að takmarka uppbyggingu mannvirkja á miðhálandinu og hafa möguleg áhrif á umhverfið í huga við alla uppbyggingu.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti eftirfarandi bókun á fundi nefndarinnar 1. mars 2022:

Suðurrhálandið er einstakur áfangastaður og áhugi fólks á að sækja svæðið heim mun vaxa á næstu árum. Svæðisskipulagsnefnd tekur undir áherslu landsskipulagsstefnu um áherslu á sérkenni, náttúru, víðerni og óbyggða-upplifun á miðhálandinu. Til að ná því markmiði er mikilvægt að styrkja hálandið sem áfangastað og byggja upp innviði þess til að mögulegt sé að taka á móti gestum, þannig að ekki sé gengið nærri þolmörkum náttúrunnar. Í stefnu svæðisskipulags Suðurrhálandisins verði lögð áhersla á verndun, sjálfbæra-nýtingu og að styðja við Suðurrhálandið sem áfangastað þeirra sem virða náttúruna og vilja „njóta en ekki þjóta“, og um leið nýta þær auðlindir

sem hálandið hefur upp á að bjóða á sjálfbæran hátt. Svæðisskipulagsnefnd hefur ákveðið að miða við sviðsmynd B í stefnumótun fyrir svæðið og telur að bættir vegir sem auki aðgengi að svæðinu, með hóflegri sjálfbærri nýtingu sé best til þess fallin að gæta að þolmörkum svæðisins og vernda náttúruna.

Á þessum grunni verður stefna Suðurrhálandisins mótuð eftir sviðsmynd B, stefna sem felur í sér lítt uppbyggða stofnvegi með bundnu slitlagi ætluðum fyrir hóflegan ökuhraða, þjónustumiðstöðvar á hálandinu og á jaðri þess til að taka vel á móti gestum og stýra umferð og álagi. Nýjar virkjanir og háspennulínur verða eingöngu heimilar þar sem skerðing á víðernum er í lágmarki. Í allri stefnumótun er markmiðið hófleg uppbygging og nýting í sátt við náttúru og samfélag.

4.4 Samræmi sviðsmynda við landsskipulagsstefnu

Gott samræmi er á milli landsskipulagsstefnu og sviðsmynda A og B. Mörg af þeim viðmiðum sem eru í matstöflu (tafla 9) eiga uppruna sinn í landsskipulagsstefnu og endurspeglar því niðurstaðan samræmi þar á milli. Sviðsmynd C gengur gegn landsskipulagsstefnu því sviðsmyndin gerir ráð fyrir meiri uppbyggingu vega og þjónustu heldur en heimildir eru fyrir í landsskipulagsstefnu.

Í landsskipulagsstefnu er sett fram stefna um að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins sem minnst. Samkvæmt því er svigrúm fyrir mjög takmarkaða mannvirkjagerð á svæðum sem flokkast sem víðerni eða eru það nærri þeim að þau skerði þau.

Í umhverfismati landsskipulagsstefnu er ítarleg umfjöllun um valkosti fyrir miðhálandið þar sem annars vegar er valkostur sem byggir á verndun og

hins vegar valkostur með áherslu á uppbyggingu. Almennt var niðurstaða umhverfismats landsskipulagsstefnu að áhersla á uppbyggingu væri líkleg til að hafa neikvæð áhrif á umhverfi og náttúru, byggð og samfélag. Jákvæð áhrif vegna uppbyggingar voru helst vegna áhrifa á samgöngur og fjarskipti.



5 UMHVERFISMAT MARKMIÐA OG STEFNU

Í þessum kafla er gerð grein fyrir mati á stefnu svæðisskipulagsins.

Í töflu 12 í kafla 5.1 er hver matsþáttur tekinn fyrir en umhverfis- og áhrifaþættir, matsspurninga og viðmið eru þau sömu og voru notuð hér að framan í mati á sviðmyndunum. Þau má sjá í töflu 9 í kafla 3.4.

Til að meta hugsanleg umhverfisáhrif svæðisskipulagsins er notast við þá aðferðafræði að horfa til þess hver séu áætluð áhrif af framfylgd stefnu svæðisskipulagsins. Lögð er til eftirfarandi einkunnagjöf:

- +
 Jákvæð áhrif ef stefna í svæðisskipulagi styður við viðkomandi umhverfisviðmið.
- 0
 Óveruleg áhrif ef stefna í svæðisskipulagi hefur engin eða lítil áhrif á viðkomandi umhverfisviðmiði.
- Neikvæð áhrif ef stefna í svæðisskipulagi vinnur gegn eða þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
- ?
 Óviss áhrif ef óvíst er eða háð útfærslu hvort stefna í svæðisskipulagi styður við eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.





5.1 Mat á áhrifum stefnunnar

TAFLA 12. Mat á umhverfisáhrifum á stefnu svæðisskipulagsins.





Umhverfispáttur	Matsspurningar	Helstu umhverfisáhrif	Áhrif
NÁTTÚRA			
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir sem njóta verndar, fugla, gróður, búsvæði eða tegundir sem eru friðlýstar eða á valista.	<p>Í svæðisskipulaginu er sett stefna um að sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins sé viðhaldið. Í skipulaginu eru afmarkaðar verndarheildir sem ná yfir meirihluta þeirra svæða sem í landslagsgreiningu Suðurrhálandisins eru metin með hátt verndargildi út frá víðernum, vistgerðum, jarðmyndunum, lífríki o.fl. þáttum. Stefnunni skal m.a. framfylgja með því að vinna áætlun um verndun og friðun sem byggir á náttúrufari, landslagi, sögu og minjum, sem byggir á niðurstöðu landslagsgreiningarinnar og afmörkun verndarheilda. Verndun vistgerða sem hafa hátt verndargildi og eru sérstæðar enduspeglast í allri stefnumörkun skipulagsins. Á verndarheildum eru takmarkaðar heimildir til mannvirkjagerðar.</p> <p>Stefna skipulagsins styður við stefnu um núverandi verndarsvæði.</p> <p>Afmörkuð eru áhrifasvæði mannvirkja og kortlagt hvar þau svæði skarast við verndarheildir sem hafa mjög hátt verndargildi. Sett er stefna um að við allar ákvarðanir um stefnumótun, mannvirkjagerð og verðun verði horft til landslagsheilda og verndargildis þeirra. Í fylgiriti svæðisskipulagsins um landslagsgreininguna og mat á verndargildi svæða er umfjöllun um vistgerðir og mat á verndargildi út frá þeim.</p>	+
	Er ferðafólki og aðstöðu fyrir það dreift þannig að álag á náttúruna sé í samræmi við þol hennar?	<p>Mikilvægt er að dreifa ferðafólki jafnar um svæðið en liður í því er að bæta aðgengi með endurbótum á stofnvegum hálandisins. Samtímis þarf að styrkja innviði á helstu ferðamannastöðum þannig að þeir þoli aukna umferð ferðamanna. Sett er stefna um uppbyggingu innviða m.a. með uppbyggingu fjölbreyttra ferðaleiða með skipulögðum þjónustu- og áningarstöðum. Með því er unnið að skýru og tryggju aðgengi að náttúru og menningu svæðisins.</p> <p>Til að dreifa ferðafólki betur um Suðurrhálandið er í skipulaginu stefnt að endurbótum á stofnvegum á hálendinu og að ferðamannatíminn lengist bæði vor og haust. Með greiðfærari og betri vegum má búast við að ferðamönnum fjölgi. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um</p>	+

		<p>umhverfismatsskýrslu kemur fram að stofnunin telur að hætta sé á að aukin umferð vegi á móti mögulega betri dreifingu.</p> <p>Heimiluð er uppbygging megin ferðapjónustustaða (miðstöðva) á jaðri hálendisins og uppbygging minni svæða á afmörkuðum stöðum við aðalvegi hálendisins.</p> <p>Með stefnu um að stýra og dreifa álagi með uppbyggingu innviða er stuðlað að því að mæta fjölgun ferðafólks um Suðurhálandið og draga úr líkum á því að gengið sé á þolmörk náttúrunnar. Stefna svæðisskipulagsins tekur því tillit til þess að álagi sé dreift þannig að álag á náttúruna sé í samræmi við þol hennar.</p> <p>Í svæðisskipulaginu eru þjónustustaðir færðir á milli flokka, miðað við þá flokkun sem er í Landsskipulagsstefnu. Er það gert til að endurspeglar þróun á hverjum stað þar sem sumir staði hafa stækkað og fengið meira mikilvægi á meðan aðrir hafa minnkað. Nánar er gerð grein fyrir forsendum fyrir breytingu á flokkun þjónustustaða í forsenduhluta Umhverfisskýrslu, í kafla 2.5.3.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hólaskógur og Hrauneyjar fara úr flokki jaðarmiðstöðva í flokk hálendismiðstöðva. Breytingin hefur ekki áhrif á umferð þar sem umfang miðstöðvanna er jafnt eða minna og áður. Bæði svæðin eru utan víðerna. • Húsadalur/Markarfljót færast úr flokki skálasvæða yfir í flokk hálendismiðstöðva. Staðurinn er mikilvæg miðstöð til framtíðar við Emstruleið inn á Syðra Fjallabak, ekki síst þegar betri göngutenging verður komin þangað um göngubrú yfir Markarfljót. Við það opnast örugg leið inn í Þórsmörk án þess að þvera ár eins og gert er í dag. Breyting á flokkuninni er ekki líkleg til að hafa áhrif ein og sér, en göngubrúin mun hafa áhrif á umferð gangandi inn á svæðið þegar hún kemur. Brúin hefur verið áformuð í mörg ár. Skálasvæðið í Húsadal rýrir víðerni nú þegar með 3 km radíus skv. kortlagningu fyrir víðerni sem miðað er við í svæðisskipulaginu, en skerðingin gæti farið í 4 km með frekari uppbyggingu. Stór hluti þess svæðis er utan sjónlínu frá svæðinu í Húsadal sem dregur verulega úr áhrifum. • Fjögur svæði færast í flokki fjallaselja yfir í skálasvæði í samræmi við þá uppbyggingu sem nú þegar er á þeim stöðum. Í kortlagningu fyrir víðerni rýra Blágil, Áfangagil og Gíslaskáli víðerni um 2 km en Emstrur/Botnar um 1 km. Skerðing vegna síðast talda svæðisins gæti aukist og orðið 2 km radíus. Þessi áhrif hafa nú þegar orðið miðað við þá skála sem eru í Emstrum í dag. 	
--	--	---	--

		<ul style="list-style-type: none"> Sex skálasvæði færast yfir í flokk fjallaselja í samræmi við umfang og uppbyggingu sem er áætluð á þessum stöðum til framtíðar, og þar er því áformuð uppbygging af minna umfangi en í landsskipulagsstefnu. Áhrif á náttúruna og víðerni eru jákvæð. Geldingafell er nýtt skálasvæði en þar er myndarleg uppbygging í tengslum við ferðir á Langjökul. Sú uppbygging hefur að stórum hluta nú þegar átt sér stað eða er deiliskipulögð. Við kortlagningu víðerna, sem hér er miðað við, er engin skerðing á víðernum í kring um Geldingafell. Það er í ósamræmi við þá uppbyggingu sem er þar í dag og áhrif á náttúru og víðerni hafa því nú þegar komið fram og eru óháð stefnu svæðisskipulagsins. <p>Í heildina eru áform um breytta stefnu um flokkun þjónustustaða ekki líkleg til að hafa áhrif á álag á náttúruna vegna aukinnar umferðar eða skerðingar á víðernum svo neinu nemur. Álag gæti helst aukist í Hrauneyjum og Hólaskógi sem eru svæði utan víðerna og verndaðra svæða og umhverfi þar er ekki viðkvæmt. Álag getur aukist í á svæði við Húsadal/Markarfljót vegna bættra samgangna tengt væntanlegri göngubrú en þar er myndarleg uppbygging í dag, skipulagðar gönguleiðir og starfsemi sem er líkleg til að bregðast við því.</p>	
SAMFÉLAG			
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar?	Í svæðisskipulaginu er sett stefna um að gætt sé að minjum við uppbyggingu mannvirkja. Verndun náttúru og menningarsögulegra minja er í forgrunni þegar kemur að stefnu um ferðaþjónustu og styður skipulagið við að fylgst verði með álagi á þær, og brugðist við ef sýnt þykir að álag stefni í að verða of mikið.	
Heilsa og öryggi	Tekur stefnan tillit til náttúruvár?	Við alla uppbyggingu skal taka mið af náttúruvá, þar með talið um uppbyggingu samgangna og þjónustustaða ferðamanna. Tryggja skal farasímasamband á öllum helstu áfangastöðum og á meginleiðum. Ein afleiðing loftslagsbreytinga er aukin tíðni ofsaveðra og flóða. Í svæðisskipulaginu er sett skýr stefna til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála. Sett er stefna um samdrátt í losun og aukna bindingu kolefnis, uppbyggingu innviða til að styðja við baráttuna við loftslagsbreytingar, markmið um að draga úr losun, styðja við orkuskipti, auka viðnámsþrótt og aðlögun að loftslagsbreytingum.	


	Tekur stefnan tillit til umferðaröryggis?	<p>Sett er fram stefna um flokkun vega á Suðurláendi þar sem stefnt er að lítið uppbyggðum vegum með slitlagi á meginstofnvegum með lágum umferðarhraða. Samgöngukerfið uppfylli almennar kröfur um umferðaröryggi og göngu-, hjóla- og reiðleiðir verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi Suðurláendisins. Stefna um umbætur á vegum styður við bætt umferðaröryggi.</p> <p>Áfram er gert ráð fyrir að vegum inn á hálendið verði lokað í samræmi við aðstæður, þar á meðal tengt veðurfari. Þá er vetrar þjónusta ekki á fjallvegum.</p>	+
Andrúmsloft	Hefur stefnan áhrif á andrúmsloft þannig að hávaði eða loftgæði fari yfir sett mörk?	Engin bein stefna er sett um hávaða eða loftgæði en önnur stefnumið geta haft áhrif á þessa tvo þætti. Stefna um uppbyggingu vega er líkleg til að auka umferð sem hækkar hljóðstig og veldur því að staðbundin mengun vegna bílaumferðar getur aukist. Stefna um bundið slitlag á meginstofnvegum hefur jákvæð áhrif á veghljóð. Ekki er líklegt að hávaði eða áhrif á loftgæði valdi því að farið sé yfir sett mörk.	+
	Tekur stefnan tillit til losunar gróðurhúsalofttegunda og loftslagsbreytingar?	Stefna svæðisskipulagsins tekur tillit til losunar gróðurhúsalofttegunda og loftslagsbreytinga, bæði með stefnu um að draga úr losun og auka bindingu, og líka með aðgerðum til að fylgja stefnunni eftir. Hugað er að viðnámsprótti gagnavart loftslagsvá og að hringrásarhagkerfið sé inni í öllum okkar gjörðum.	+
	Eru tækifæri til að minnka kolefnisspor nýtt, t.d. kolefnisbindingu með breyttri landnotkun, skógrækt eða landgræðslu?	Í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins er það verkefni sveitarfélaganna að skilgreina aðgerðir til að vinna að loftslagsvænni landnotkun og eru lagðar til fjölbreyttar leiðir til að ná því marki.	+
Byggð	Er þess gætt að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar?	<p>Nokkur stefnumið úr svæðisskipulaginu geta haft áhrif á þessa þætti. Samkvæmt stefnu um kyrrlát svæði skal gæta þess við alla uppbyggingu á Suðurláendi að skerða ekki möguleikann á kyrrlátum svæðum og óbyggðaupplifun. Þá skulu skipulagsákvæði um vegi taka mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða. Uppbygging þjónustustaða taki mið af umhverfinu, falli vel að náttúrunni á hverjum stað og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.</p> <p>Margar umsagnir við vinnslutillögu bentu á að aukin umferð í kjölfar bættra vega, gæti haft neikvæð áhrif á náttúrugæði vegna aukins álags vegna bætts aðgengis. Ef vegir batna án þess að þess verði gætt að stýra umferð með lokunum þar sem land er viðkvæmt, eða bæta aðstæður á áfangastöðum þannig að þeir þoli umferð ferðafólks, þá geta áhrif verið neikvæð.</p>	?

		Pví er það háð útfærslu hvort stefna í svæðisskipulagi styður við eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.	
	Er megin áhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálendisins?	Fylgt er eftir stefnumiðum úr landskipulagsstefnu um flokkun þjónustustaða á hálendinu. Svæðisskipulagið lítur svo á að jaðarmiðstöðvar séu allar utan hálendisins og eru þær sýndar til skýringar. Sett er stefna um 7 hálendismiðstöðvar í samræmi við mikilvægi þessara staðsetninga og þeirrar þjónustu sem þar er veitt í dag. Megináherslan er á uppbyggingu þessara staða og þó þeim sé fjölgað frá því sem er í landskipulagsstefnu þá er það ekki talið líklegt til að hafa neikvæð áhrif. Tveir af þeim stöðum sem áður voru skilgreindir sem jaðarmiðstöðvar eru nú hálendismiðstöðvar þannig að breytingin þar er lítil. Þá stendur eftir að ein hálendismiðstöð er færð yfir í flokk fjallaselja en tvær koma úr flokki skálasvæða, þar á meðal Húsadalur/Markarfljót en leiða má rökum að því að sá staður hafi stöðu hálendismiðstöðvar miðað við þá þjónustu sem þar er í dag. Hálendismiðstöðvar eru allar við aðalvegi hálendisins. Áhrif af breytingum á flokkun þjónustustaða ferðamanna eru metin óveruleg.	
Samgöngur og fjarskipti	Bætir stefnan aðgengi að hálendinu?	Stefna um stofnvegi á hálendinu gerir ráð fyrir greiðfærari vegum en eru í dag, með klæðningu og brúuðum ám, sem bætir aðgengi að hálendinu. Þá er sett stefna um uppbyggingu og skipulag ferðaleiða og að við þá uppbyggingu séu áningarstaðir merkir með viðeigandi þjónustu og upplýsingagjöf.	
	Gerir stefnan ráð fyrir því að vegaframkvæmdum verði haldið í lágmarki og möskvar vegakerfisins verði sem stærstir?	Stefna um samgöngur miðar við að engir nýjrir vegir verðir gerðir. Möskvum vegakerfisins verður því haldið eins og þeir eru í dag. Vegafrankvæmdum verður haldið í lágmarki en til að bæta öryggi og minnka viðhald er gert ráð fyrir lítið uppbyggum vegum og slitlagi á mikilvægustu leiðunum. Áhrif þeirra framkvæmda eru háð útfærslu og eru því metin óviss, en stefna svæðisskipulagsins miðar við að áhrif þeirra verði í lágmarki. Til að mynda er miðað við að opnunartími vega taki mið af ástandi bæði vegarins og svæða sem hann opnar fyrir umferð inn á, þannig að landið verði ekki fyrir tjóni af umferð og umgengni t.a.m. snemmsumars áður en frost fer úr jörðu. Tillagan viku í nokkrum atriðum frá landskipulagsstefnu um flokkun vega: - Sprengisandsleið. Gert er ráð fyrir að norðurhluti vegarins liggi um Kvíslaveitur eins og í nýlegu aðalskipulagi Ásahrepps. Vegurinn mun á þessum stað fylgja í ríkara mæli þegar uppbyggðum vegi og skerða minna víðerni en uppbyggður vegur á núverandi leið. Núverandi leið fer yfir í flokk landsvega.	

		<ul style="list-style-type: none"> - Tengivegir. Bætt er við flokki tengivega í samræmi við vegalög, en þeir eru ásamt stofnvegum hluti af meginvegum á hálendinu og eru tengingar á milli stofnvega og liggja að helstu ferðamannasvæðum hálendisins. - Landsvegir. Gert er ráð fyrir nokkrum nýjum landsvegum, einkum til að skapa möguleika á hringtengingum í þágu ferðaþjónustu. - Slitlag. Til að lágmarka rekstrar og viðhaldskostnað er gert ráð fyrir að stofnvegir á Sprengisandi, Kili og Fjallabaksleið nyrðri vestan Landmannalauga, séu með bundnu slitlagi (klæðningu), í stað þess að hafa malarvegi með endurteknum vandamálum vegna holumyndanna og „þvottabretta“. Klæðning minnkar viðhaldspörf vega. Gott ástand getur dregið úr utanvega akstri og með bundnu slitlagi minnkar ryk, en uppþyrtað ryk í þurrviðri getur sést langt að og valdið sjónmengun. Þá geta vegir með bundnu slitlagi ýtt undir umferð rafmagnsbíla en nýlagðir jarðstrengir yfir Kjöl, í Kerlingafjöll og í Hólaskjól að Fjallabaki ættu að skapa aðstæður til að setja upp hleðslustöðvar. 	
	Er leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamáta?	Stefna svæðisskipulagsins gerir ráð fyrir uppbyggingu og skipulagi ferðaleiða fyrir mismunandi ferðamáta og að þjónusta á áningarstöðum og þjónustustöðum miði við þá.	
	Eru ferðamannaleiðir, b.e. göngu-leiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir aðskildar frá meginvegakerfi hálendisins, eftir því sem kostur er?	Stefna svæðisskipulagsins gerir ráð fyrir að gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir séu aðskildar frá meginvegakerfi hálendisins, eftir því sem kostur er.	
	Tekur stefnan mið af því að byggja upp traust fjarskiptakerfi sem tekur mið af landsskipulagsstefnu um víðerni og náttúru miðhálendisins?	Öruggt fjarskiptasamband skal vera á öllu Suðurrhálendinu. Við ákvarðanir um uppbyggingu fjarskipta verði umhverfisvernd og áhrif á umhverfi höfð að leiðarljósi. Allir þjónustustaðir hafi gott fjarskiptasamband.	
AUÐLINDIR			
Landslag	Er gert ráð fyrir meiri mannvirkjum innan víðerna en sem nemur þeirri takmörkuðu mannvirkjagerð sem sett er stefna í landsskipulagsstefnu, s.s.	Víða í svæðisskipulaginu kemur fram að stefna þess er að mannvirkjagerð og umferð fólks um hálendið skerði víðerni og náttúrugæði sem minnst. Stefna svæðisskipulagsins gerir ráð fyrir að stofnvegir um hálendið verði „byggðir upp úr landinu og verða að jafnaði með klæðningu, ár og lækir brúaðir“. Vegkaflar á þessum stofnvegum munu skerða víðerni skv. viðmiðum þeirrar kortlagningar víðerna sem sem lögð er til grundvallar í svæðisskipulaginu	

	gönguskálum, vegslóðum, göngu- og reiðleiðum?	<p>(Höfn 2021). Það eykur áhrifin að hluti þeirra víðerna sem skerðast eru innan friðlýstra svæða; Friðlands að Fjallabaki og Friðlands í Þjórsárverum. Markmið þeirra friðlýsinga er að tryggja m.a. verðun víðerna. Mat á skerðingu á víðernum miðar við tilgátukortlagningu Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands á Höfn frá 2022. Skerðingin yrði minni ef miðað er við kortlagningu víðerna sem viðmið í landsskipulagsstefnu byggja á (frá Höfn 2017). Ef valið væri að miða mat á skerðingum við kortlagningu Steve Carter o.fl. þá yrði skerðingin mun minni, og hennar gætti nánast bara vegna slitlags nyrst á Kjalvegi. Til að vinna á móti neikvæðum áhrifum á víðerni er sett stefna sem miðar að því að stofnvegir verði hóflega uppbyggðir, hönnun stofnvega taki mið af náttúruvernd með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða eða svæða með hátt verndargildi. Leitast verði við að vegir fylgi línunum í landinu, hryggjum og hæðum til að draga úr sýnileika þeirra, og draga um leið úr áhrifum á víðerni. Móta skal hönnunarviðmið fyrir hálendisvegi sem taki mið af aðstæðum í óbyggðum og lítt snortinni náttúru og að stofnvegir og umferð um þá hafi lágmarks áhrif á víðerni og óbyggðaupplifun. Með þessum mótvægisáðgerðum er dregið úr áhrifum af stefnu um hóflega uppbyggða stofnvegi sem verða að jafnaði með klæðningu og dregið úr verulega neikvæðum áhrif á umhverfið.</p> <p>Ef kortlagning víðerna í samræmi við náttúruverndarlög, sem átti að liggja fyrir 1. júní 2023 verður ekki lokið þegar svæðisskipulagið tekur gildi, er lagt til að áhrif stefnu um stofnvegi á víðerni verði endurmetin þegar kortlagningin liggur fyrir ásamt hönnunarviðmiðum fyrir hálendisvegi, í samræmi við stefnu skipulagsins.</p>	
	Hefur stefnan áhrif á landslag með ríka sérstöðu sem hefur verndargildi?	Leiðarstefið í stefnu svæðisskipulagsins byggir á kortlagningu landslags og mati á verndargildi landslagsheilda sem gerð er grein fyrir í fylgiriti svæðisskipulagsins. Stefna um verndarheildir byggir á þessari greiningu og seitlar hún inn í mörg stefnumið skipulagsins.	+
	Eru tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja á lofti og landi?	Stefna er um að tryggja skuli kyrrlát svæði til framtíðar á Suðurrhálendi og lagðar til leiðir til að ná því markmiði.	+
Verndarsvæði	Hefur stefnan áhrif á stærð, gildi eða eðli verndarsvæða?	<p>Á grunni landslagsgreiningar og mats á verndargildi landslagssvæða er sett stefna um að núverandi verndarsvæðum verði viðhaldið og stefnt að verndun verðmætra landslagssvæða sem byggja á náttúrufari, landslagi, sögu og minjum og landslagsgreiningu fyrir Suðurrhálendi.</p> <p>Svæðisskipulag Suðurrhálendis markar stefnu um vegaframkvæmdir utan friðlýstra svæða sem geta haft áhrif á friðlýst svæði sbr. 54. gr. laga um náttúruvernd.</p>	-

		<p>Svæðisskipulagið markar stefnu um að Kjalvegur og Sprengisandsleið verði hóflega uppbyggðir vegir og lagðir slitlagi. Kjalvegur er í um 500 m fjarlægð frá landslagsverndarsvæði Kerlingarfjalla. Framtíðarlega Sprengisandsleiðar er á köflum í jaðri friðlands í Þjórsárverum.</p> <p>Stefna svæðisskipulagsins setur uppbyggingu vega innan mannvirkja-svæða skorður og kveðjur á um að náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar og að borin sé virðing fyrir landslagi og verndargildi landslagsheilda. Áhrif af vegaframkvæmdum utan friðlýstra svæða eru metin óveruleg.</p> <p>Stefna svæðisskipulagsins gerir ráð fyrir að núverandi stofnvegur um Friðland að Fjallabaki frá Sprengisandsleið inn í Landmannalaugar verði lagður klæðninu. Vegir með klæðningu skerða víðerni skv. þeirri aðferðafræði sem miðað er við fyrir kortlagningu víðerna (Höfn 2021) en sami vegur án klæðningar gerir það ekki. Stefna um klæðingu á þessum vegi skerðir því víðerni innan Friðlands að Fjallabaki sem gengur gegn verndarmarkmiðum Friðlandsins sem er m.a. að vernda ósnortin víðerni svæðisins.</p> <p>Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir að framtíðarlega Sprengisandsleiðar austan Hofsjökuls verði um svokallaðan Kvíslaveituveg frá Versölum og norður að sveitarfélagamörkum, en sú lega er í samræmi við aðalskipulag Ásahrepps. Stefna svæðisskipulagsins um að leggja klæðningu á þennan veg skerðir víðerni skv. þeirri kortlagningu víðerna sem svæðisskipulagið styðst við.</p>	
Land	Þarf að afla leyfa fyrir nýjum efnistökusvæðum vegna stefnunnar?	Engin bein stefna er sett um efnistökusvæði en önnur stefnumið geta haft áhrif á þörf fyrir efnistökusvæði. Á það við um alla stefnu tengda mannvirkjagerð. Áhrif á umhverfisþáttinn eru háð þeim efnistökusvæðum sem fyrir eru og framtíðarþörf, og er því metin óviss.	?
Orka	Eru orkulindir á Suðurrhálendi nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega m.t.t. verndunar víðerna?	Nýjar virkjanir koma aðeins til greina á mannvirkjasvæðum sem hafa verið afmörkuð miðað við upplýsingar úr rammaáætlun og í samræmi við niðurstöðu úr mati á verndargildi landslagssvæða. Allar hugmyndir um nýtingu til orkuvinnslu skulu byggja á mati á áhrifum virkjanakosta, þörf fyrir nýtingu og mati á áhrifum nýtingar og orkuflutnings á umhverfi, efnahag og samfélag. Taka skal mið af afmörkun og skilmálum fyrir verndarheildir í flokkum V1 og V2. Við ákvarðanir um staðsetningu mannvirkja skal skoða áhrif á loftslag, þar á meðal losun, bindingu og viðnámsþrótt svæða.	+
	Er öllum tryggður aðgangur að öruggri og sjálfbærri orku?	Flutningamannvirki raforku skulu tryggja örugga afhendingu orku.	+

<p>Vatn</p>	<p>Eru mikilvæg vatnstengd vistkerfi vernduð?</p>	<p>Vatnstengd vistkerfi eru einn af þeim þáttum sem tekinn er inn í mat á verndargildi landslagssvæða og hafa þar með áhrif á afmörkun verndarheilda og þeirrar áherslu sem lögð er á verndun þeirra.</p> <p>Sérstök stefna er sett um vatn og þá um að viðhaldið verði náttúrulegu ástandi vistkerfa ferskvatns, rýrnun vatsngæða hindruð og ástand vatnavistkerfa bætt sé þess þörf.</p>	
--------------------	---	--	---

DRÖG DRÖG

5.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Við mótun stefnu svæðisskipulags Suðurrhálandis var víða leitað fanga í þeim innlendu stefnuskjölum sem eiga við um hálendið. Til að mynda var litið til landsskipulagsstefnu, stefnu í aðalskipulagi sveitarfélaganna, sóknaráætlun Suðurlands, aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum, rammaáætlunar, samgönguáætlunar og vatnaáætlunar Íslands. Almenn er gott samræmi á milli ofangreindra áætlana og stefnu Suðurrhálandis.

Í landsskipulagsstefnu er **landslagssamningi Evrópu** fylgt eftir í stefnu um miðhálendið með markmiðum um verndun landslagsheilda, virðingu fyrir náttúrulegu landslagi og að skipulag taki tillit til landslags og landslagsheilda. Á grundvelli þessa var sérstök áhersla lögð á kortlagningu landslags fyrir Suðurrhálandi og mat á verndargildi landslagssvæða og byggir stefna svæðisskipulagsins að stórum hluta á þessum greiningum.

Í svæðisskipulagi Suðurrhálandis er í stefnu fyrir þjónustustaði ferðamanna stuðst við flokkun úr **landsskipulagsstefnu** um jaðarmiðstöðvar, hálendismiðstöðvar, skálasvæði og fjallasel. Í svæðisskipulaginu er gerð tillaga að viðbót við skilgreiningu á hálendismiðstöð auk þess sem gerð er tillaga að færslu þjónustustaða á milli flokka. Gerð er grein fyrir áhrifum af breytingum á þeirri flokkun í töflu 12. Í landsskipulagsstefnu er sett stefna um að Skipulagsstofnun muni í samvinnu við Ferðamálastofu, Samband Íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélög á hálendinu safna upplýsingum um þörf fyrir breyttar áherslur í mannvirkjagerð fyrir næstu endurskoðun landsskipulagsstefnu. Stefna svæðisskipulags Suðurrhálandis bregst við þessu kalli með því að koma fram með áherslur sveitarfélaganna sem að því svæði standa. Stefnan er sett fram með hliðsjón af staðbundinni greiningu fyrir Suðurrhálandið.

Í svæðisskipulagi Suðurrhálandis er einnig brugðist við ákalli **landsskipulagsstefnu** um nánari stefnumótun um vegakerfi miðhálandisins. Með tillögu um flokkun stofnvega og landsvega og viðmið um framkvæmdir er kominn efniviður fyrir nánari stefnumörkun í landsskipulagsstefnu. Þannig slá sveitarfélögin hugmyndir um heilsársveg til fólksflutninga og vöruflutninga fyrir t.a.m. Kjalveg og Sprengisandsleið út af borðinu en stefna að hóflega uppbyggðum sumarvegum sem verði opnir yfir sumartímann, og rúmlega það, og að stofnvegir verði lagðir slitlagi. Gerð er grein fyrir áhrifum af frávikum á flokkun vega frá landsskipulagsstefnu í töflu 12.

Sveitarfélög skulu innleiða stefnu svæðisskipulagsins í aðalskipulagsáætlanir sínar innan þriggja ára frá því það var staðfest í samræmi við ákvæði um framfylgd svæðisskipulagsins í greinargerð þess. Staðbundnar ákvarðanir sem teknar eru í svæðisskipulagi eiga við um vegi og flokkun þjónustustaða. Stefna um stofnvegi er bindandi en leiðbeinandi um landsvegi, en ef breyta á landsvegum skal óska umsagnar hjá Svæðisskipulagsnefnd. Stefna um hálendismiðstöðvar er bindandi en leiðbeinandi fyrir skálasvæði og skal óska umsagnar hjá Svæðisskipulagsnefnd ef breyta á þeim. Að öðru leyti skulu aðalskipulagsáætlanir taka mið af stefnu svæðisskipulagsins og framfylgd þess, eins og kveðið er á um í greinargerð.

Í skipulagslýsingu fyrir svæðisskipulag Suðurrhálandisins voru birt í töflu þau **heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna** sem sérstaklega höfðu verið valin sem viðmið við mörkun stefnu fyrir Suðurrhálandið. Í meðfylgjandi töflu er gefið yfirlit yfir tengsl markmiða í stefnu svæðisskipulagsins og þeirra viðmiða sem valin voru.

TAFLA 13. Tengsl heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og stefnumörkunar í svæðisskipulagi Suðurrálandis

	Sterkir innviðir			Umhyggja fyrir auðlindum							Ábyrg nýting auðlinda				Aðgerðir fyrir loftslagið	Vinum vel saman
	3.1	3.2	3.3	4.1	4.2	4.3	4.4	4.5	4.6	4.7	5.1	5.2	5.3	5.4		
6. Hreint vatn og hreinlætisaðstaða	+			+	+	+	+				+		+		+	+
7. Sjálfbær orka		+	+							+	+	+			+	+
8. Góð atvinna og hagvöxtur		+									+	+	+	+	+	+
9. Nýsköpun og uppbygging	+	+	+							+	+	+	+	+		+
11. Sjálfbærar borgir og samfélög	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+			+		+	+
12. Ábyrg neysla og framleiðsla				+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
13. Aðgerðir í loftslagsmálum	+	+		+	+	+	+	+	+	+		+	+		+	+
15. Líf á landi				+	+	+	+	+	+	+					+	+

TAFLA 14. Heimsmarkmið og áskoranir sem unnið var með í stefnu fyrir Suðurland.

HEIMSMARKMIÐ	STEFNA	UNDIRMARKMIÐ	STAÐAN Á ÍSLANDI – HELSTU ÁSKORANIR
6. Hreint vatn og hreinlætisaðstaða	Tryggja öllum hreint vatn og hreinlætisaðstöðu. Tryggja hreinsun frárennslis-vatns til að koma í veg fyrir mengun. Tekið verði tillit til verndunar votlendis, áa, vatna og grunnvatns.	<ul style="list-style-type: none"> 6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan. 6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn. 	<ul style="list-style-type: none"> Tryggja þarf öryggi grunnvatns við framkvæmdir. Skólp víða óhreinsað til viðtaka. Bæta þarf fráveitumál á ferðamannastöðum víða.
7. Sjálfbær orka	Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.	<ul style="list-style-type: none"> 7.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega. 7.3 Eigi síðar en árið 2030 verði orkunýting orðin helmingi betri. 	<ul style="list-style-type: none"> Tryggja orkuöryggi í landinu með því að tryggja jafnvægi framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði. Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa með orkuskiptum í lofti, láði og legi. Tryggja lágmarkskröfur um afhendingaröryggi raforku um land allt.
8. Góð atvinna og hagvöxtur	Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum sem gengur ekki á náttúruna.	<ul style="list-style-type: none"> 8.4 Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með hátekturikin í fararbroddi. 8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur. 	<ul style="list-style-type: none"> Aukin framleiðni í sátt við umhverfi og samfélag.
9. Nýsköpun og uppbygging	Stuðla að nýsköpun og uppbyggingu sjálfbærra trausttraustra innviða	<ul style="list-style-type: none"> 9.1 Þróðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla. 	<ul style="list-style-type: none"> Aukin áhersla á nýsköpun og uppbyggingu sjálfbærra innviða.
11. Sjálfbærar borgir og samfélög	Stuðla að jákvæðum tengslum milli þéttbýlla svæða og skipulagssvæðis	<ul style="list-style-type: none"> 11. A Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðapróun á landsvísu og innan svæða. 	<ul style="list-style-type: none"> Áskoranir vegna strjálbýlis, svo sem fjarskipti og almenningssamgöngur

HEIMSMARKMIÐ	STEFNA	UNDIRMARKMIÐ	STAÐAN Á ÍSLANDI – HELSTU ÁSKORANIR
12. Ábyrg neysla og framleiðsla	Stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu náttúruauðlinda, t.d. grunnvatns en einnig óbyggðra víðerna.	<ul style="list-style-type: none"> • 12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ísland er ríkt af náttúruauðlindum, svo sem grunnvatni, jarðvarma, vatnsorku og óbyggðum víðernum. Fjölgun ferðamanna og aukid aðgengi að hálandinu þarf að fara hönd í hönd með stefnu um sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda.
13. Aðgerðir í loftslagsmálum	Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.	<ul style="list-style-type: none"> • 13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum. • 13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hækkun hitastigs og áhrif á gróðurfar og lífríki. • Fjölgun ferðamanna og meiri bílaumferð. • Aukin neysla í samfélaginu.
15. Líf á landi	Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, sjálfbærri stjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.	<ul style="list-style-type: none"> • 15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurkkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum. • 15.2 Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim. • 15.3 Eigi síðar en árið 2030 verði barist gegn eyðimerkurmyndun, leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg, þ.m.t. land sem er raskað af eyðimerkurmyndun, þurkkum og flóðum, og unnið að því að koma á jafnvægi milli hnignunar og endurheimtar lands í heiminum. • 15.5 Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Eigi síðar en árið 2020 verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra. • *15.6 Stuðlað verði að sanngjarnri og jafnri skiptingu ávinnings af nýtingu erfðauðlinda og eðlilegum aðgangi að slíkum auðlindum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum. • 15.8 Gripið verði til ráðstafana eigi síðar en árið 2020 til að koma í veg fyrir aðflutning ágengra, framandi tegunda og dregið verulega úr áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni. Tegundunum efst á lista verði útrýmt eða útbreiðslu þeirra eða fjölgun stýrt. • 15.9 Eigi síðar en árið 2020 verði tekið tillit til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætlana og í öllu þróunarferli, skýrslugerðum og aðgerðum til að draga úr fátækt. 	<ul style="list-style-type: none"> • Að vinna áfram að því að byggja upp net verndarsvæða sem ná yfir sem flesta þætti íslenskrar náttúru. • Að vinna að endurheimt landgæða, stöðva eyðingu vistkerfa og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. • Að tryggja sjálfbæra nýtingu vistkerfa lands.

6 VÖKTUN OG EFTIRFYLGNI

Til að fylgja eftir stefnu svæðisskipulagsins er lagt til að svæðisskipulagsnefnd í samvinnu við SASS þrói mælikvarða til að birta í vefsíðu, á mæla-
borði eða á annan fullnægjandi hátt. Umfjöllun um þetta er í kafla 7.2. í
stefnuskjali svæðisskipulagsins og er hluti af framfylgd stefnunnar.

Ef kortlagningu víðerna í samræmi við náttúruverndarlög, sem átti að
liggja fyrir 1. júní 2023, verður ekki lokið þegar svæðisskipulagið tekur
gildi, er lagt til að áhrif af stefnu um stofnvegi á víðerni verði endurmetin
þegar viðmið og kortlagning, og hönnunarviðmið fyrir hálendisvegi liggur
fyrir.



7 NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS

Tilgangur umhverfismats svæðisskipulagsins er að tryggja eftir bestu getu að umhverfisáhrif séu metin og að tekið sé tillit til líklegra áhrifa við stefnumótunina. Í umhverfismati svæðisskipulags Suðrhálandis hefur stefna þess verið metin og fjallað um hvernig tillit hefur verið tekið til umhverfisins við mótun stefnunnar.

Umhverfisáhrif eru metin út frá einkennum áhrifanna m.t.t. viðmiða sem skilgreind eru út frá stefnu stjórnvalda, Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Jafnframt er byggt á upplýsingum sem komu fram við kynningu og samráð meðan á gerð skipulagsins stendur.

Umhverfismatið hefur verið unnið samhliða gerð svæðisskipulagsins. Matið skiptist í þrjá hluta þar sem í fyrsta hluta þess var farið yfir forsendur, stöðu og þróun umfjöllunarefna í svæðisskipulaginu. Er sú umfjöllun bæði í umhverfisskýrslu og birt í stefnuhluta svæðisskipulagsins til skýringar. Í öðrum hluta voru mótaðar sviðsmyndir um mögulega þróun á Suðrhálandi og þær bornar saman með því að svara matsspurningum sem segja til um hvort stefnt sé í sömu átt og skilgreind viðmið. Í þriðja hluta er stefna svæðisskipulagsins metin með tilliti til sömu viðmiða.

Áhrif svæðisskipulagstillögunnar á umhverfisþætti eru í heild sinni metin jákvæð með þeirri undantekningu að neikvæð áhrif eru greind á víðerni og vernduð svæði. Neikvæð áhrif a víðerni eru greind vegna áforma um stofnvegi með slitlagi og virkjunar Hólmsár við Atley, og áhrif á víðerni hafa líka neikvæð áhrif á verndarmarkmið innan Friðlands að Fjallabaki auk þess sem framkvæmdir utan friðlands í Þjórásarverum hafa neikvæð

áhrif innan friðlandsins. Samantekt á metnum áhrifum má sjá í meðfylgjandi töflu.

Til að fylgja eftir stefnu svæðisskipulagsins er lagt til að svæðisskipulagsnefnd í samvinnu við SASS þrúi mælikvarða til að birta í vefsíðu, á mælaborði eða á annan fullnægjandi hátt.



TAFLA 15. Samantekt mats á umhverfisáhrifum á stefnu svæðisskipulagsins.

Umhverfisþáttur	Matsspurningar	
NÁTTÚRA		+
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir sem njóta verndar, fugla, gróður, búsvæði eða tegundir sem eru friðlýstar eða á valista. Er ferðafólki og aðstöðu fyrir það dreift þannig að álag á náttúruna sé í samræmi við þol hennar?	+
SAMFÉLAG		+
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar?	+
Heilsa og öryggi	Tekur stefnan tillit til náttúruvár? Tekur stefnan tillit til umferðaröryggis?	+
Andrúmsloft	Hefur stefnan áhrif á andrúmsloft þannig að hávaði eða loftgæði fari yfir sett mörk? Tekur stefnan tillit til losunar gróðurhúsalofttegunda og loftslagsbreytingar? Eru tækifæri til að minnka kolefnisspor nýtt. T.d. kolefnisbindingu með breyttri landnotkun, skógrækt eða landgræðslu?	+
Byggð	Er þess gætt að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar?	?
	Er megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálendisins?	0
Samgöngur og fjarskipti	Gerir stefnan ráð fyrir því að vegaförum verði haldið í lágmarki og möskvar vegakerfisins verði sem stærstir?	?
	Bætir stefnan aðgengi að hálendinu? Er leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamátum? Eru ferðamannaleiðir, þ.e. gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir aðskildar frá meginvegakerfi hálendisins, eftir því sem kostur er? Tekur stefnan mið af því að byggja upp traust fjarskiptakerfi sem tekur mið af landsskipulagsstefnu um víðerni og náttúru miðhálendisins?	+
AUÐLINDIR		+
Landslag	Hefur stefnan áhrif á landslag með ríka sérstöðu sem hefur verndargildi. Eru tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja á lofti og landi?	+
	Er gert ráð fyrir meiri mannvirkjum innan víðerna en sem nemur þeirri takmörkuðu mannvirkjagerð sem sett er stefna í landsskipulagsstefnu, s.s. gönguskálum, vegslóðum, göngu- og reiðleiðum?	-
Verndarsvæði	Hefur stefnan áhrif á stærð, gildi eða eðli verndarsvæða.	-
Land	þarf að afla leyfa fyrir nýjum efnistökusvæðum vegna stefnunnar?	?
Orka	Eru orkulindir á Suðurláendi nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega m.t.t. verndunar víðerna? Er öllum tryggður aðgangur að öruggri og sjálfbærri orku?	+
Vatn	Eru mikilvæg vatnstengd vistkerfi vernduð?	+

8 HEIMILDASKRÁ

- Alþingi. 2019. "Tillaga Til Þingsályktunar Um Samgönguáætlun 2020-2034." 2020 2019.
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0599.html>.
- . 2022. *Þingsályktun Um Áætlun Um Vernd Og Orkunýtingu Landsvæða. 152. Löggjafarþing 2021-2022*. Vol. Þingskjal 1299-332. mál. <https://www.althingi.is/altext/152/s/1299.html>.
- Alþingi Íslands. 2015. *Lög Um Náttúruvernd*.
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Þorkell Stefánsson, Margrét Wendt, Edita Tverijonaite. 2021. "Sýn Ferðaþjónustunnar á Nýtingu Miðhálandis Íslands." Háskóli Íslands.
https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/syn_ferdatj_ouustunnar_halendi_lokaeintak-1pdf.
- Anna Rut Arnardóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir, Hjörtur Örn Arnarson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ólafur Árnason, Paul Macrae, Sam Oxley. 2020. "Landslag á Íslandi. Flokkun Og Kortlagning Landslagsgerða á Landsvísu." EFLA verkfræðistofa.
- Birna Lárusdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2019. "Minjar Og Menningarsögulegt Gildi Landslags á Hálandi Íslands." FS736-16171. Fornleifastofnun Íslands.
https://www.ramma.is/media/rannsoknir/FS736_16171.pdf.
- David C. Ostman, Þorvarður Árnason. 2020. "Kortlagning Víðerna á Miðhálandinu. Framhaldsverkefni Um Þróun Aðferðafræði." Háskóli Íslands. Rannsóknarsetur á Hornafirði.
- David C. Ostmann, Ole Neumann, Þorvarður Árnason. 2021. "Óbyggð Víðerni á Íslandi - Greining Og Kortlagning á Landsvísu." Háskóli Íslands. Rannsóknasetur á Hornafirði.
https://www.ramma.is/media/rannsoknir/OstmanEtal2021_Wil_dernesslceland.pdf.
- Ferðafélag Íslands. 2022. "Ferðaáætlun Ferðafélags Íslands 2022." Ferðafélag Íslands.
https://www.fi.is/static/files/utgafa/Ferdaaetlun_2022/fi_ferdaa-aetlun_2022_a-n-mynda.pdf.
- Ferðamálastofa. n.d. "Heildarfjöldi Erlendra Ferðamanna." Ferðamálastofa. Accessed November 2, 2020.
<https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna>.
- Gunnar Valur Sveinsson. 2021. "Þjóðvegir á Hálandinu." Presented at the Framtíð þjóðvega á hálandinu. Málþing Vegagerðarinnar, November 5. <https://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/malthing-um-thjodvegi-a-halendinu>.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. 2022. "C22:01 Áhrif Aðgerða í Loftslagsmálum. Kostnaðar- Og Ábatamat." Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. https://ioes.hi.is/sites/ioes.hi.is/files/2022-07/A%C3%B0ger%C3%B0aa%CC%81%C3%A6tlun%20skilaeintak%201507_2022.pdf.
- Helga J. Bjarnadóttir, Sigurður Thorlacius. 2020. "Mat á Kolefnisspori á Skipulagsstigi - Fyrsta Skref í Átt Að Kolefnishlutleysi." EFLA verkfræðistofa. <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Mat-a-kolefnisspori-a-skipulagsstigi.pdf>.
- Katla geopark. n.d. "Katla Geopark." Katla Geopark. Accessed November 4, 2020. <http://www.katlageopark.is/>.
- Landsnet. n.d. "Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029. Langrímaáætlun Um Þróun Meginflutningskerfis Raforku." Landsnet 20028. Landsnet. Accessed July 11, 2022a.

- <https://www.landsnet.is/library?itemid=84c394bd-d024-4aaf-b038-829dff7a1f31>.
- . n.d. “Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030. Langtímaáætlun Um Þróun Flutningskerfis Raforku.” 21010. Landsnet. Accessed April 18, 2023b. <https://www.landsnet.is/library?itemid=9b6dfde6-4b6e-45ee-8746-dad540ced29a>.
- Lands samband hestamannafélaga. n.d. “Kortasjá Landssambands Hestamannafélaga.” <https://map.is/lh/>.
- Landsvirkjun.is. n.d. “Upplýsingar Um Virkjanir Og Veitur.” Accessed March 6, 2017. <http://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/aflstodvar>.
- Landvernd. 2007. “Hálendisvegir - Hvert Stefnir Og Hvað Er í Húfi. Skýrsla Hálendisvegahóps Landverndar.” <https://drive.google.com/file/d/1DL0zv96yzJHbTpPM37c2v8dDt2DzRtp8/view>.
- Markaðsstofa Suðurlands. 2019. “Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi - Uppfærð 2019.” <https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/dmp-sudurland-okt19-2pdf>.
- . n.d. “Áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018-2021. Samantekt.” Markaðsstofa Suðurlands, Ferðamálastofa.
- Minjastofnun Íslands. 2020. “Menningarlandslag Þjórsárdals - Friðlýsing.” <http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Fridlysing-Thjorsardals-rokstudningur-og-vidhengi.pdf>.
- Njáll Trausti Friðbertsson, Vilhjálmur Árnason, Haraldur Benediktsson. 2018. “Tillaga Til Þingsályktunar Um Endurnýjun Vegarins Yfir Kjöl Með Einkaframkvæmd. Þingskjal 681 - 473. Mál.” Alþingi. 2018. <https://www.althingi.is/altext/148/s/0681.html>.
- Oddný Þóra Óladóttir. 2020. “Erlendir Ferðamenn á Íslandi 2019: Lýðfræði, Ferðahegðun Og Viðhorf.” FMS 2020-32. Ferðamálastofa. <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/konnun2019/lokaskyrla-2019-2.pdf>.
- Rammaáætlun. 2022. “Virjunarkostir í 3. Áfanga Rammaáætlunar.” Rammaáætlun. 2022. <https://www.ramma.is/rammaaetlun/allir-virkjunarkostir>.
- Rögnvaldur Guðmundsson. 2015. “Sprengisandslína Og Sprengisandsleið. Kannanir Meðal Ferðamanna Og Fagfólks í Ferðaþjónustu.” Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.
- Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. 2022. “Eldfjallaleiðin - The Volcano Trail.” Samtök Sunnlenskra Sveitarfélaga. 2022. <https://www.sass.is/eldfjallaleidin-the-volcano-trail/>.
- . n.d. “Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024.” Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Accessed August 11, 2022. <https://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2019/11/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun-Su%C3%B0urlands-2020-2024-.pdf>.
- Sigmar Metúsalemsson. 2022. “Svæðisskipulag Suðurhálandisins, Landslagsgreining.” EFLA.
- Skipulagsstofnun. 2016a. “Landsskipulagsstefna 2015-2026.”
- . 2016b. “Landsskipulagsstefna 2015-2026.” http://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna_2015-2026_asamt_greinargerð.pdf.
- . 2020. “Tillaga Að Landsskipulagsstefnu. Loftslag, Landslag, Lýðheilsa. Viðauki Við Landsskipulagsstefnu 2015-2026.” Skipulagsstofnun.

- <https://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Tillaga-ad-vidauka-vid-landsskipulagsstefnu-2015-2026.pdf>.
- Stjórnarráð Íslands. 2022. “Starfshópur Um Málefni Vindorku.” Stjórnarráð Íslands. 2022. <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/nanar-um-nefnd/?itemid=575cd1b5-01c8-11ed-9bac-005056bc4727>.
- . n.d. “Sáttmáli Um Ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks Og Vinstrihreyfingarinnar - Græns Framboðs.” Stjórnarráð Íslands. Accessed September 11, 2022. <https://www.stjornarradid.is/library/05-Rikisstjorn/Stjornarsattmali2021.pdf>.
- Stjórnarráð Íslands, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. 2020. “Sjálfbær Orkuframtíð. Orkustefna Til Ársins 2050.” <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Orkustefna/200327%20Atvinnuvegaraduneytid%20orkustefna%20A4%20V5.pdf>.
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2017. “Auglýsing Um Friðland í Þjórsárverum.” https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/thorsarver_507_1987.pdf.
- . 2018. “Aðgerðaáætlun í Loftslagsmálum 2018-2030.” <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=b1bda08c-b4f6-11e8-942c-005056bc4d74>.
- . 2020a. “Aðgerðaáætlun í Loftslagsmálum. Aðgerðir Íslenskra Stjórnvalda Til Að Stuðla Að Samdrætti í Losun Gróðurhúsalofttegunda Til 2030.” Stjórnarráð Íslands, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20outga-fa.pdf>.
- . 2020b. “Auglýsing Um Friðlýsingu Svæðis í Þjórsárdal Nr. 110/2020.” https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Fridlyst-Svaedi/Fri%C3%B0l%C3%BDsing%20B_nr_110_2020.pdf.
- . 2020c. “Auglýsing Um Landslagsverndarsvæði í Kerlingarfjöllum, Nr 822/2020.” Stjórnartíðindi. 2020. <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=524bf462-f0e0-4d79-993e-e681a5818bab>.
- . 2021a. “Auglýsing Um Verndarsvæði á Suðurlandi - Vatnasvið Hólmsár í Verndarflokki Verndar- Og Orkunýtingaráætlunar.” <https://ust.is/library/sida/Nattura/H%c3%b3lms%c3%a1%20augl%c3%bdsing.pdf>.
- . 2021b. “Auglýsing Um Verndarsvæði á Suðurlandi - Vatnasvið Jökulfalls Og Hvítár í Árnessýslu í Verndarflokki Verndar- Og Orkunýtingaráætlunar.” <https://ust.is/library/sida/Nattura/Fri%c3%b0l%c3%bdsing-undirritu%c3%b0.pdf>.
- . 2021c. “Auglýsing Um Verndarsvæði á Suðurlandi - Vatnasvið Tungnaár í Verndarflokki Verndar- Og Orkunýtingaráætlunar.” Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. <https://ust.is/library/sida/Nattura/Augl%c3%bdsing%20Tungna%c3%a1.pdf>.
- . 2021d. “Auglýsing Um Verndarsvæði í Kerlingarfjöllum - Hverabotn, Neðri-Hveradalir, Kisubotnar Og Þverfell í Verndarflokki Verndar- Og Orkunýtingaráætlunar.”

- <https://ust.is/library/sida/Nattura/Kerlingafj%c3%b6ll%20augl%c3%bdsing.pdf>.
- . 2021e. “Í Átt Að Hringrásarhagkerfi. Stefna Umhverfis- Og Auðlindaráðherra í Úrgangsmálum.” Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit-skyslur-og-skrar/UAR_stefnal_att_ad_hringrasarhagkerfi.pdf.
- Umhverfisstofnun. 2021. “Ástandsmat Áfangastaða Innan Friðlýstra Svæða. Skýrsla 2021.” Umhverfisstofnun. https://ust.is/library/sida/Nattura/Astandsmat_ferdamannstada_innan_fridlystra_svaeda_2021.pdf.
- Upplifðu Norðurland. n.d. “Norðurstrandarleið.” Upplifðu Norðurland. Opinber Ferðavefur Um Norðurland. Accessed January 11, 2022. <https://www.northiceland.is/is/mn/verkefni/nordurstrandarleid>.
- Vatnajökulspjóðgarður. 2018. “Stjórnunar- Og Verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs 2018, Náttúruvernd, Útivist Og Byggðaðpróun.” <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/PDF-skjol-kort/sogv-tillaga01-feb2018.pdf>.
- . 2022. “Stjórnunar- Og Verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs.” 3. útgáfa 2022. Vatnajökulspjóðgarður. <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/SOGV/3.-utgafa-sogv-med-samth.-vidaukum-og-breytingum-juli-2022-hreint-skjal.pdf>.
- Vegagerðin. 2021a. “Ólíkar Skoðanir á Framtíð Þjóðvega á Hálandinu. Málþing Vegagerðarinnar 11. Maí.” Vegagerðin. 2021. <https://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/olikar-skodanir-a-framtid-thjodveg-a-halendinu>.
- . 2021b. “Umferð á Þjóðvegum 2009-2021.” 2021. <https://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>.
- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. n.d. “Um Þjóðgarðinn.” Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Accessed November 4, 2020. <https://www.thingvellir.is/um-thjodgardinn/>.
- Þorvarður Árnason, David Ostman, Adam Hoffritz. 2017. “Kortlagning Víðerna á Miðhálandi Íslands: Tillögur Að Nýrri Aðferðafræði.” Háskóli Íslands. Rannsóknarsetur á Hornafirði. https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Kortlagning_Viderna_Web2.pdf.

9 VIÐAUKI 1 - VERNDARSVÆÐI

TAFLA 16. Þjóðgarðar, friðlýst svæði, jarðvangur.

HEITI	STEFNA SKV. VERNDARÁÆTLUN/FRIÐLÝSINGARSKILMÁLUM
Vatnajökulspjóðgarður	<p>Vatnajökulspjóðgarður er friðlýstur skv. lögum nr. 60/2007. Þjóðgarðurinn var stofnaður 7. júní 2008. Hann nær yfir um 12.000 km² eða um 12% af flatarmáli Íslands. Innan þjóðgarðsins er að finna síkvikt samspil jökla og eldvirkni, jökulhlaupa, eldgosa og jarðhita. Jarðfræðileg fjölbreytni er óvenjulega mikil og innan þjóðgarðsmarka er að finna afar sjaldgæfar landslagsheildir, m.a. ósnortin víðerni.</p> <p>Meginmarkmið Vatnajökulspjóðgarðs eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vernd náttúru, landslags, lífríkis, jarðmyndana og menningarminja. • Tryggja aðgengi almennings að svæðinu til að njóta náttúru þess og sögu. • Rannsóknir, fræðsla, miðlunar- og kynningarstarf um sérstöðu þjóðgarðsins og gæði hans. • Efling byggðar og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og sjálfbær nýting gæða hans. <p>Verndarsvæði: Verndargildi svæða er mis mikið og ræðst m.a. af jarðfræði, gróðri og fjölbreytileika.</p> <p>Þjónustusvæði: Gert er ráð fyrir þjónustusvæðum víðsvegar um þjóðgarðinn.</p> <p>Hefðbundin landnýting: Búfjárbætur og veiði í ám og vötnum er rétt höfð heimil á þeim svæðum sem tilgreind eru í reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð⁸⁰.</p>
Friðland í Þjórsárverum	<p>Þjórsárver voru friðlýst sem friðland árið 1981, friðlýsingin var endurskoðuð árið 1987 og aftur árið 2017, þegar svæðið var stækkað. Þjórsárver eru á lista Ramsarsamningsins sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði, einkum vegnar auðugs fuglalífs. Stærð friðlandsins er 1.563 km².</p>

⁸⁰ (Vatnajökulspjóðgarður 2018).

⁸¹ Sbr. ábendingu Umhverfisstofnunar þá er hér átt við staðfest aðalskipulög frá þeim tíma sem auglýsingin um friðlandið tók gildi, en það er 9. október 2017.

HEITI	STEFNA SKV. VERNDARÁÆTLUN/FRIÐLÝSINGARSKILMÁLUM
	<p>Markmið friðlýsingar: Tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárver í heild sinni, vistkerfi veranna, rústamýrarvist, varpstöðvar heiðargæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins.</p> <p>Landnotkun og mannvirkjagerð: Heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga⁸¹ halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum s.s. virkjanamannvirkjum, skálum vegum og námum sem þegar eru í notkun. Um upprekstur á svæðið fer eftir reglum sem viðkomandi sveitarstjórnir setja að fenginni umsögn ráðgjafanefndar. Hefðbundnar nytjar í ám og vötnum eru heimilar.</p> <p>Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð. Flug neðan 3.000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst⁸².</p>
Kerlingarfjöll, landslagsverndarsvæði	<p>Kerlingarfjöll voru friðlýst sem landslagsverndarsvæði árið 2020 og er eftirfarandi umfjöllun úr friðlýsingarskilmálum⁸³. Verndargildi svæðisins í Kerlingarfjöllum byggir fyrst og fremst á jarðfræðilegri sérstöðu og fágæti og sérstöku og fögru landslagi. Á svæðinu eru einnig mikil tækifæri til að stunda útivist og sjálfbæra ferðamennsku</p> <p>Markmið friðlýsingarinnar er að vernda jarðminjar, landslag, óbyggðir og ásynd, sbr. 3. gr. og 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Verndunin nær til fágætra jarðmyndana, megineldstöðvar, landslagsheilda, lífríkis og menningarminja. Með vernduninni skal tryggt að ekki sé gengið á auðlindir svæðisins og nýting innan verndarsvæðisins skal ekki spilla jarðminjum, landslagi og ásynd þess.</p> <p>Með friðlýsingu svæðisins er stuðlað að því að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í allri nýtingu, stjórnun, framtíðarskipulagningu og rekstri innan þess. Friðlýsingunni er</p>

⁸² (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2017).

⁸³ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2020c).

HEITI	STEFNA SKV. VERNDARÁÆTLUN/FRIÐLÝSINGARSKILMÁLUM
	<p>ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði og stuðla að góðri umgengni og bættu aðgengi að svæðinu. Réttur bænda til nýtingar afrétta til beitar og smölunar helst óbreyttur.</p> <p><i>Sérreglur um mannvirkjagerð og landnotkun á svæði I.</i></p> <p>Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu innviða og þjónustu í tengslum við móttöku ferðamanna.</p> <p><i>Sérreglur um mannvirkjagerð og landnotkun á svæði II.</i></p> <p>Á svæðinu er aðeins heimilt að leggja nýjar gönguleiðir og reisa ný mannvirki í tengslum við þær, s.s. göngubrýr og útsýnispalla, að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og Hrunamannahrepps, sbr. 1. mgr. og í samræmi við deiliskipulag. Aðrar framkvæmdir eru óheimilar.</p> <p>Við veitingu leyfis skal setja skilyrði um að mannvirki skulu hönnuð með þeim hætti að þau falli sem best að svipmóti lands.</p>
Þjórsárdalur, landslagsverndarsvæði og menningarlandslag	<p>Hluti Þjórsárdals hefur verið friðlýstur sem landslagsverndarsvæði og sem menningarlandslag.</p> <p>Eftirfarandi umfjöllun er úr friðlýsingarskilmálum fyrir landslagsverndarsvæði⁸⁴. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita sérstæðar jarðmyndanir og landslag sem er sérstætt á landsvísu vegna fagurfræðilegs og menningarlegs gildis, sbr. 3. gr. og 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá er jafnframt markmið friðlýsingarinnar að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni með verndun vistkerfa og að stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa með áframhaldandi vinnu við uppgræðslu og endurheimt birkiskóga, sbr. 1. og 2. gr. sömu laga.</p> <p>Verndunin nær til sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda, lífríkis, fossa, vatnsfarvega og menningarlegs gildis svæðisins. Með vernduninni skal tryggt að jarðminjum, landslagsheild, lífríki, menningarlegu gildi og ásýnd svæðisins verði ekki spilt og einkenni þess og sérkenni varðveitt þar sem svæðið er sérstætt á landsvísu og skipar mikilvægan sess í vitund þjóðar.</p>

⁸⁴ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2020b).

⁸⁵ (Minjastofnun Íslands 2020).

HEITI	STEFNA SKV. VERNDARÁÆTLUN/FRIÐLÝSINGARSKILMÁLUM
	<p>Gjáin, Háifoss og Granni og Hjálparfoss eru friðlýst sem náttúruvætti vegna sérkenna þeirra og fegurðar. Svæði við Rauðukamba og Fossöldu er skilgreint sem svæði með sérreglum vegna viðkvæmni þess.</p> <p>Við landnotkun og mannvirkjagerð skal miða að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun svæðisins og öryggi gesta.</p> <p>Réttur bænda til nýtingar afréttar til beitar og smölunar helst óbreyttur.</p> <p>Á svæði sem gert er ráð fyrir uppbyggingu mannvirkja í tengslum við ferðaþjónustu er fyrirhuguð uppbygging á tveimur svæðum, 24 ha og 8 ha, í samræmi við gildandi deiliskipulag árið 2019.</p> <p>Búið er að friðlýsa stóran hluta Þjórsárdals sem menningarlandslag. Markmiðið er að standa vörð um þau menningarsögulegu verðmæti sem felast í menningarlandslagi Þjórsárdals. Svæðið hefur að geyma einstaka minjaheild sem nær frá landnámi fram á miðaldir og er lítt snortin af síðari tíma framkvæmdum⁸⁵.</p>
Friðland að Fjallabaki	<p>Friðland að Fjallabaki var friðlýst skv. náttúruverndarlögum 1979 og er stærð þess um 470 km². Torfajökulssvæðið er eitt fjölsóttasta ferðamannasvæði á hálendi Íslands. Um friðlandið gilda ákveðnar reglur eins og lýst er í auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 354/1979. Gefin hefur verið út stjórnunar og verndaráætlun fyrir friðlandið.</p>
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	<p>Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður með lögum árið 1930 og er hann um 230 km². Í lögnum segir að Þingvellir við Óxará skuli vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga, hið friðlýsta land skuli ævinlega vera eign íslensku þjóðarinnar undir vernd Alþingis og landið megi aldrei selja eða veðsetja. Þjóðgarðurinn var friðlýstur skv. lögum nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum og er hann einnig á heimsminjaskrá UNESCO⁸⁶.</p> <p>Um vatnsvernd innan þjóðgarðsins gilda ákvæði laga nr. 85/2005 um Þingvallavatn og vatnasvið þess.</p>

⁸⁶ (Þjóðgarðurinn á Þingvöllum n.d.).

HEITI	STEFNA SKV. VERNDARÁÆTLUN/FRIÐLÝSINGARSKILMÁLUM
Katla jarðvangur	<p>Katla jarðvangur nær yfir allt land þriggja sveitarfélaga; Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Flatarmál hans er 9.542 km² eða rúm 9% af heildarflatarmáli Íslands.</p> <p>Tilgangur með stofnun jarðvangsins er að vernda og nýta jarðfræði- og menningarminjar svæðisins í þágu sjálfbærrar þróunar og eflingu byggðarinnar. Þróuð verði landfræðitengd ferðamennska á svæðinu sem byggir á fræðslu um jarðminjar, menningarminjar, samspil manns og náttúru og útivist. Með aðild að European Geoparks Network, og því gæðaferli sem í henni felst, er tilgangurinn að efla markaðsstarf á svæðinu tengdu sérstæði þess í jarðsögulegu tilliti. Unnið verði að markvissri uppbyggingu innviða og þróun fræðsluefnis í samstarfi við sveitarfélögin og aðra aðila. Tilgangur jarðvangsins er að efla samstarf atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis með öflugu markaðsstarfi innanlands sem utan og einnig að kynna svæðið til þess að bæta búsetuskilyrði með því að afla nýrra atvinnutækifæra.</p> <p>Í Kötlu jarðvangi eru margar merkar jarðminjar, sumar á heimsvísu. Yfir 150 eldgos hafa verið skráð þar frá landnámi. Eldvirkni hefur mótað landið og haft áhrif á búsetu manna eins og öskugosin í Eyjafjallajökli 2010 og Grímsvötnum 2011 sanna. Einstaklega kvik og síbreytileg náttúra hefur mótað sögu og mannlíf jarðvangsins í aldanna rás⁸⁷.</p>
Vatnasvið Tungnaár	Vatnasvið Tungnaár var friðlýst árið 2021. Markmið friðlýsingar er að vernda vatnasvið Tungnaár gegn orkuvinnslu. ⁸⁸
Vatnasvið Hólmsár	Vatnasvið Hólmsár var friðlýst árið 2021. Markmið friðlýsingar er að vernda vatnasvið Hólmsár gegn orkuvinnslu ⁸⁹ .
Vatnasvið Jökulfalls og Hvítár	Vatnasvið Jökulfalls og Hvítár var friðlýst árið 2021. Markmið friðlýsingar er að vernda vatnasvið áнна gegn orkuvinnslu ⁹⁰ .
Háhitasvæði Kerlingarfjalla	Háhitasvæði Kerlingarfjalla var friðlýst árið 2021. Markmið friðlýsingar er að vernda háhitasvæði Kerlingarfjalla gegn orkuvinnslu ⁹¹ .

⁸⁷ (Katla geopark n.d.).

⁸⁸ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2021c).

⁸⁹ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2021a).

⁹⁰ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2021b).

⁹¹ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2021d).

DRÖG DRÖG